# FRÉTTABLAÐIÐ

109. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 13. MAÍ 2019


# Tugir mála ratað á borð lögreglunnar

**Yfir 3.000 ábendingar um óleyfilega skammtímaleigu hafa borist heimagistingarvakt ráðherra ferðamála. Tugir mála hafa endað með stjórnvaldssektum og tæp 60 mál hafa ratað á borð lögreglu.**



**Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamálaráðherra**

**FERÐAÞJÓNUSTA** 59 mál um ólöglega heimagistingu hafa verið send lögreglu til rannsóknar, 61 máli hefur lokið með stjórnvaldssektum og fyrirhugaðar og álagðar stjórnvaldssektir nema tæplega 100 milljónum króna vegna herts eftirlits með gististarfsemi, átaks sem ráðherra ferðamála, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, hrinti af stað í fyrra. „Það er ánægjulegt að átakið um aukna heimagistingarvakt hafi skilað þetta miklum árangri,“ segir Þórdís.

Þá hefur heimagistingarvaktin orðið til þess að upplýsingar um 420 fasteignir hafa verið sendar á skattrannsóknaryfirvöld. Yfir 3.000 ábendingar um óleyfilega skammtímaleigu hafa borist á tímabilinu.

Á árinu 2017 var áætlað að allt að 80 prósent skammtímaleigu á Íslandi færu fram án tilskilinna leyfa eða skráningar. Sýslumaður áætlar að óskráðum og leyfislausum gististöðum hafi fækkað um meira en 30 prósent frá því að átakið hófst. Í janúar hafði orðið 400 prósenta aukning á tíðni skráninga slíkra eigna ef miðað er við tölur frá sama tímabili í fyrra.

Sýslumaður áætlar þó að um helmingur allrar skammtímaleigu fari enn fram hér á landi án tilskilinna leyfa eða skráningar.

Í skýrslu Íslandsbanka um stöðu ferðaþjónustu frá því fyrr í mánuðinum kemur fram að umsvif Airbnb hafi dregist saman á síðastliðnu ári og hlutdeild skráðrar gistiþjónustu aukist á ný. Þar með tókst að snúa við vaxandi hlutdeild Airbnb og annarrar óskráðrar gistingar. Hlutdeild skráðrar gistiþjónustu í seldum gistinóttum féll hratt eftir að Airbnb kom til skjalanna og náði minnst 74 prósentum árið 2017.

Hert eftirfylgni reglna er samkvæmt skýrslu bankans talin ein meginástæða þessarar þróunar, auk þess sem ferðamönnum fjölgaði hægar á síðastliðnu ári en árin á undan og íbúðaverð hækkaði auk þess hægar en undanfarin ár.

Kostnaður ráðuneytis Þórdísar við hert eftirlit var 64 milljónir króna en gert var ráð fyrir því að bætt skattskil og sektargreiðslur myndu vega þann kostnað upp. Reynsla af átakinu hefur sýnt að samanlagðar fjárhæðir stjórnvaldssekta og innheimt gjöld vegna fjölgunar á skráningum nema hærri fjárhæð en kostnaður.

Er þá ekki tekið mið af óbeinum áhrifum á borð við aukin skattskil, framboð á leiguhúsnæði og jafnari samkeppnisgrundvöll. „Það er sérstaklega ánægjulegt hvaða jákvæðu áhrif aukið eftirlit hefur haft á húsnæðismarkaðinn. Það er mikilvægt fyrir samfélagið að menn komist ekki upp með að spila ekki eftir reglunum.“ – **ósk**

## Erfið staða í leikhúsinu



**Ari Matthíasson þjóðleikhússtjóri**

**MENNING** Stjórn Félags íslenskra leikara hefur verið falið að senda bréf til Þjóðleikhúsráðs og til menningarmálaráðherra þar sem kvartað er yfir aðgerðaleysi vegna athugasemda sem borist hafa vegna hegðunar þjóðleikhússtjóra. Kvartanir hafi borist ráðinu og ráðherranum vegna samskipta leikhússtjórans við félagsmenn FÍL en ekkert hafi verið að gert. Þetta var niðurstaða opins fundar FÍL á fimmtudag.

Fréttablaðið hefur rætt við fagfólk í stétt listamanna sem ber saman um að erfið staða sé komin upp í Þjóðleikhúsinu. – **ósk** / sjá síðu 6




**Sergio Agüero, framherji Manchester City, með enska meistarabikarinn í höndunum en liðið varði titil sinn í gær með sigri gegn Brighton í lokaumferðinni. Agüero skoraði 21 deildarmark á tímabilinu.** NORDICPHOTOS/GETTY




## Veður



Vaxandi austanátt, 10-18 m/s og rigning sunnantil í kvöld. Hægari vindur og þurrt norðan heiða. Hiti 3 til 9 stig. S- A 8-15 og rigning í fyrramálið. SJÁ SÍÐU 16



**Vel mun viðra á Akureyringa í vikunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Flott maíveður verður í vikunni

**VEÐUR** Það stefnir í fínasta maíveður í vikunni eftir nokkuð napra daga að undanförnu.

Að sögn Óla Þórs Árnasonar, veðurfræðings hjá Veðurstofu Íslands, munu skilin sem eru nú á leið yfir landið reka kalda loftið endanlega á brott en þau verða komin alveg norður fyrir um miðjan dag.

„Maí er alla jafna svolítið kaldur mánuður því það er algengt að leifarnar af vetrarkuldanum rati hingað með norðanáttinni. Þannig að það er ágætt að hún stóð ekki lengur en hún gerði núna,“ segir Óli Þór.

Núna taki við suðlægar áttir sem standi allavega út vikuna. Þessu munu fylgja töluverð hlýindi, sérstaklega fyrir norðan.

„Eins og eðlilega vill verða í suðaustan- og sunnanáttum eru hlýindin mest fyrir norðan. Þar verður hitinn yfir daginn mjög víða svona 12 til 18 stig. Á meðan verða þetta kannski vona 9 til 12 stig á sunnanverðu landinu,“ segir Óli Þór.

Hann segir að nú taki við mun úrkomuminna veður þó að það verði alls ekki þurrt á sunnan- og vestanverðu landinu.

„Hins vegar þá er vel hlýtt loft yfir öllu landinu en það verður mun hlýrra fyrir norðan. Þetta er bara mjög flott maíveður,“ segir Óli Þór.

Samkvæmt vef Veðurstofunnar er besta veðrinu spáð á morgun, þriðjudag, og þá sérstaklega á Norður- og Austurlandi. – sar

# Sviðsljós fjölmiðla beindist að Hatara



Liðsmenn Hatara gengu eftir appelsínugula dreglinum í Tel Avív í gær. Sagði Matthías að Hatari vildi helst vinna með íslenskum hönnuðum þegar talið barst að fötum hópsins. Sagði kynnirinn í Ísrael að börn og vegan fólk ætti kannski að líta undan þegar Hatari kom í mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/INGÓLFUR

# Fara yfir stöðu kjaramála á Alþingi í dag

**ALÞINGI** Sérstök umræða um kjaramál fer fram á Alþingi í dag. Hefst umræðan klukkan 15.45. Það er Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, sem er málshefjandi en til andsvara verður Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Kjaramálin hafa verið afar fyrirferðarmikil í vetur en í byrjun apríl voru samningar á almennum vinnumarkaði undirritaðir. Lífskjarasamningurinn sem stjórnvöld höfðu aðkomu að var svo samþykktur með miklum meirihluta greiddra atkvæða, bæði meðal atvinnurekenda og viðkomandi stéttarfélaga.

Samflot iðnaðarmanna náði svo samningum við Samtök atvinnulífsins í byrjun þessa mánaðar. Þar með hefur verið samið fyrir stærstan hluta almenna markaðarins.

Kjaraviðræður opinberra starfsmanna og viðsemjenda þeirra standa hins vegar enn yfir. – sar



**Maðurinn hefur áður komist í kast við lögin vegna slæmrar meðferðar á skotvopnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Með haglabyssuna og skotfæri í ólæstum bíl

**Meindýraeyðir í Norðurþingi hefur verið dæmdur til greiðslu sektar fyrir að hafa farið inn í Nettó á Húsavík og skilið bílinn eftir ólæstan en í framsætinu lá haglabyssa auk skotfæra. Maðurinn hefur áður komist í kast við lögin.**

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sjötugsaldri var í Héraðsdómi Norðurlands eystra dæmdur fyrir að hafa geymt haglabyssu sína og haglaskot í framsæti á bifreið fyrir utan verslun Nettó á Húsavík í október síðastliðnum. Einnig gleymdi hann að læsa bifreiðinni og skildi lyklana eftir í bílnum. Haglabyssan var þó ekki gerð upptæk.

Maðurinn heitir Árni Logi Sigurbjörnsson og er meindýraeyðir í Norðurþingi. Hann hefur nokkrum sinnum átt í útistöðum við lögregluna síðustu árin. Eitt sinn fannst í íbúðarhúsnæði hans frystikista sem hafði að geyma hræ af fálkum, branduglum og smyrlum. Við rannsókn lögreglu kom í ljós að allir fuglarnir höfðu verið drepnir með haglabyssu. Árni Logi sagði að hann hefði fundið frystikistuna á ruslahaugum og dröslað henni heim.

Einnig var hann kærður og dæmdur í tveggja mánaða óskilorðsbundið fangelsi í síðasta áratug fyrir að hafa verið með vopnabúr sitt á glámbekk heima fyrir. Brotist var inn til hans og miklu magni skotvopna stolið. Vegna innbrotsins fékk hann á sig ákæru fyrir vanrækslu og að geyma ekki vopnin á sómasamlegan hátt.

„Ég reyndi nú í tvígang að fresta málinu því lögfræðingur minn er að skoða þetta mál,“ segir Árni Logi við Fréttablaðið en hann hafði ekki heyrt af málalyktum þegar blaðamaður náði í hann. „En það er greinilegt að fulltrúi lögreglunnar vildi ekkert tala við mig.“

Hann segir þetta ekki hafa verið hættulegt fyrir utan verslun Nettó. „Nei, það er bara þannig að ég skaust inn í búðina til að skoða einhver skordýr þarna og gleymdi bara að læsa bílnum. Byssan er alltaf nálægt mér og ég er alla daga ársins með vopn á mér. Hins vegar er það ekki rétt að haglaskot hafi verið í byssunni eða framsætinu. Og þetta vopn var svo sem skaðlaust þarna óhlaðið,“ segir Árni.

> **Byssan er alltaf nálægt mér og ég er alla daga ársins með vopn á mér.**
>
> Árni Logi Sigurbjörnsson, meindýraeyðir í Norðurþingi

sveinn@frettabladid.is






Eftir áralanga fjarveru kynnum við nýjan Camry Hybrid til sögunnar, veglega nýja útgáfu sem fer á undan með góðu fordæmi. Hann fæst einungis í Hybrid-útgáfu sem sameinar fullkomlega gæði, glæsileika og virðingu fyrir umhverfinu. Komdu og finndu þig í glæsilegum bíl sem fer þér betur. Sýndu fordæmi – veldu Hybrid.

**2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum Camry Hybrid, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.**

**Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.**

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

3+4 ÁBYRGÐ | 2 ÁRA ÞJÓNUSTA

**Toyota Kauptúni** Kauptúni 6
**Toyota Akureyri** Baldursnesi 1
**Toyota Reykjanesbæ** Njarðarbraut 19
**Toyota Selfossi** Fossnesi 14

HYBRID

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Gríðarlegt tjón í bruna í Seljaskóla aðfaranótt sunnudags

**REYKJAVÍK** Skólahaldi hefur verið aflýst í Seljaskóla í dag vegna elds sem kom upp í þaki skólahússins aðfaranótt sunnudags. Stóð slökkvistarf fram yfir hádegi í gær.

Magnús Þór Jónsson skólastjóri segir að nú sé leitað leiða til þess að hægt sé að ljúka skólaárinu með sem minnstri röskun.

„Þetta er gríðarlegt tjón. Á húsinu sem kviknaði í eru mjög miklar skemmdir sem við erum að reyna að meta en við þurfum að fara nánar í það,“ segir hann.

Magnús segir þó að húsið sé ekki gjörónýtt. „Sem betur fer virðist ytra byrðið að mestu leyti standa en það er ofboðslegt vatnstjón og innanstokksmunir nær allir ónýtir.“

Aðspurður um eldsupptök segist hann ekki vita hver þau voru. „Lögreglan var á vettvangi áðan og það er unnið að því að fá skýrari mynd, þetta liggur ekki alveg ljóst fyrir,“ segir Magnús.

Stutt er síðan eldur kom síðast upp í þaki Seljaskóla, en í byrjun mars kviknaði þar eldur sem þó olli ekki miklu tjóni. „Þetta er eldur í þaki og þar er loftræstikerfið og fleira. Við treystum því bara að það verði rýnt í alla koppa og að allir krókar og kimar verði skoðaðir svo að það sé hægt að fá alvöru úttekt á því hvað sé eiginlega í gangi,“ segir Magnús.

Hann ítrekar þó að öryggi skólabarna sé ætíð í fyrirrúmi. „Hagsmunir barnanna eru alltaf settir í algjört fyrirrúm, en það er alveg ljóst að það gengur ekki að búa við þetta svona.“ **– jt**



Skólahald í Seljaskóla fellur niður í dag vegna brunans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Atkvæðagreiðsla fer fram um frumvarp Svandísar Svavarsdóttur í dag.

## Greiða atkvæði um þungunarrof

**ALÞINGI** Atkvæði verða greidd á Alþingi í dag um frumvarp Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra um þungunarrof. Miklar deilur hafa staðið um það ákvæði frumvarpsins að heimila þungunarrof fram á 22. viku meðgöngu óháð því hvaða ástæður liggja að baki.

Við þriðju umræðu málsins í dag verða meðal annars greidd atkvæði um breytingartillögur, annars vegar frá Páli Magnússyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins, og hins vegar frá Önnu Kolbrúnu Árnadóttur, þingmanni Miðflokksins.

Leggur Páll til að þungunarrof verði heimilað fram að 20. viku en Anna Kolbrún leggur til að miðað verði við 18. viku meðgöngu. Þá hafa þingmenn Flokks fólksins lýst yfir mikilli andstöðu við efni frumvarpsins. **– sar**


FRÉTTABLAÐIÐ

**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.


# Fordæmir skipun formanns nefndar um lögreglueftirlit

**Umdeildur ráðuneytisstarfsmaður gerður að formanni nefndar um eftirlit með lögreglu. Viðhafði niðrandi orð um borgara, félagasamtök og starfsmenn umboðsmanns Alþingis. Maðurinn var færður til í starfi vegna klögumála árið 2016. Dómsmálaráðuneytið segist bera fullt traust til nýs formanns.**

**LÖGREGLUMÁL** Umdeildur ráðuneytisstarfsmaður hefur verið skipaður formaður nefndar um eftirlit með störfum lögreglu.

Háttsemi starfsmannsins, Skúla Þórs Gunnsteinssonar, hefur tvívegis orðið tilefni fjölmiðlaumfjöllunar, í báðum tilvikum vegna óviðeigandi ummæla í tölvupóstum sem hann sendi úr netfangi sínu í innanríkisráðuneytinu. Fyrst vegna konu sem stóð í sambúðarslitum við persónulegan vin Skúla Þórs og tveimur árum síðar um Afstöðu, hagsmunafélag fanga, og starfsmenn umboðsmanns Alþingis.

„Afstaða og ráðuneyti dómsmála áttu mjög hreinskilið og afdráttarlaust samtal um Skúla Þór Gunnsteinsson eftir hans skelfilega særandi orð um talsmenn fanga. Í því samtali sannfærði ráðuneytisstjórinn okkur í Afstöðu um að Skúli fengi ekki að starfa við málaflokkinn að nýju,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, sem kom af fjöllum þegar blaðamaður bar undir hann skipun Skúla Þórs.

Árið 2016 lét Skúli, sem þá fór með fangelsismál í innanríkisráðuneytinu, niðrandi orð falla um Afstöðu, félag fanga, í tölvupósti til skrifstofustjóra í ráðuneytinu. Formaður Afstöðu fékk afrit af póstinum af misgáningi. Í sama tölvupósti lét Skúli einnig óviðeigandi orð falla um starfsmenn umboðsmanns Alþingis en erindi tölvupóstsins var fyrirhuguð svör ráðuneytisins við fyrirspurn umboðsmanns í máli sem varðaði málefni fanga.

Í kjölfarið var Skúli færður af því sviði sem hann hafði starfað á í innanríkisráðuneytinu og yfir á sveitarstjórnarsvið ráðuneytisins. Eftir að innanríkisráðuneytinu var skipt upp varð Skúli starfsmaður sveitarstjórnarráðuneytisins, á skrifstofu rafrænna samskipta.

Aðspurður segir Guðmundur Ingi að þrátt fyrir að Skúli Þór sé ekki beinlínis að móta stefnu í málefnum fanga lengur sé hann að skapa fordæmi fyrir lögreglu í starfi og augljóslega þannig að hafa áhrif innan réttarvörslukerfisins þar sem hann hefur þegar fyrirgert trausti sínu. „Þegar kemur að óháðum vörðum í kerfi okkar, þá ber að finna þá sem flekklausir eru,“ segir Guðmundur Ingi.

Árið 2014 kvartaði kona undan Skúla Þór við innanríkisráðuneytið vegna orða sem hann lét falla um hana í tölvupósti til starfsmanns Barnaverndarstofu. Efni tölvupóstsins var sambúðarslit konunnar við persónulegan vin Skúla. Lét hann ýmis niðrandi orð falla um konuna og meinta persónubresti hennar í póstinum sem var skrifaður úr netfangi ráðuneytisins. Ráðuneytið bað konuna afsökunar.

Formaður nefndar um eftirlit með störfum lögreglu er skipaður af dómsmálaráðherra til fjögurra ára. Í desember síðastliðnum óskaði þáverandi formaður nefndarinnar, Trausti Fannar Valsson, lausnar frá formennsku, vegna anna í aðalstarfi sínu, en hann er dósent við lagadeild Háskóla Íslands. Sigríður Á. Andersen, þáverandi dómsmálaráðherra, skipaði Skúla Þór formann nefndarinnar í hans stað.

Í svari dómsmálaráðuneytisins við fyrirspurn blaðsins segir að ráðuneytinu sé kunnugt um framangreind atvik. „Það er mat ráðuneytisins að Skúli Þór hafi dregið lærdóm af því sem vísað er til í fyrirspurninni og það komi ekki í veg fyrir að hann taki að sér verkefni í framtíðinni.“ **arib@frettabladid.is**

### Hlutverk nefndar um eftirlit með lögreglu:

- Að taka við kæru á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans.
- Að taka við kvörtun vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald.
- Að taka til athugunar mál þegar maður lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.
- Að taka atvik og verklag lögreglu til skoðunar að eigin frumkvæði þegar nefndin telur tilefni til.



Nefnd um eftirlit með lögreglu var sett á laggirnar 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Úr tölvupósti Skúla til skrifstofustjóra 2016

„Ég er orðinn býsna þreyttur á þessu máli. Mest langar mig til að fá starfsmenn umboðsmanns hingað, hrista þá til og láta þá hanga :p og benda þeim á að þeir sem eru að kvarta, þ.e. Afstaða, eru þeir sem hafa verið að berja á öðrum föngum og eru eðlilega ósáttir við þessa reglurnar.“


FIAT ATVINNUBÍLAR

FIAT PROFESSIONAL



FIAT DUCATO
Verð frá 4.024.194 án vsk.
4.990.000 m/vsk.

FIAT TALENTO L2H1
Verð frá 3.298.387 án vsk.
4.090.000 m/vsk.

FIAT DOBLO
Verð frá 2.225.806 án vsk.
2.760.000 m/vsk.

FIAT FIORINO
Verð frá 1.854.032 án vsk.
2.299.000 m/vsk.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI FIAT • ÞVERHOLTI 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.FIATPROFESSIONAL.IS
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

5 ÁRA ÁBYRGÐ


4MOTION
FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?
Komdu við hjá sérfræðingum okkar að Laugavegi 174 og kynntu þér úrval Volkswagen atvinnubíla í einni fjölhæfustu fjölskyldu landsins.
Amarok
Crafter
Caddy
Transporter
SÚPER VERÐ!
Glæsilegur og vel útbúinn pallbíll með 3.0 lítra, V6 dísilvél, sjálfvirkum vélarhitara, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjara að framan og aftan, regn- og birtuskynjara og 18" álfelgum.
Volkswagen Amarok
verð frá 7.660.000 kr.
Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarými og aðstoðarkerfi.
Volkswagen Crafter
verð frá 6.220.000 kr.
Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjórhjóladrifinn og í fjölda útfærslna.
Volkswagen Caddy
verð frá 2.870.000 kr.
Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnuþjarki. Fulkomin stöðugleikastýring, spólvörn og sjö þrepa sjálfskipting.
Volkswagen Transporter
verð frá 4.590.000 kr.
Atvinnubílar
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



Kvika gefur út sex mánaða víxla

Reykjavík, 10. maí 2019

Kvika banki hf. hefur gefið út sex mánaða víxla að fjárhæð 2.000 milljónir króna. Um er að ræða útgáfu í víxlaflokknum KVB 19 0919 og er heildarheimild flokksins 2.000 milljónir króna. Fjármálaeftirlitið staðfesti lýsingu vegna umsóknar um töku víxlanna til viðskipta þann 10. maí 2019, og sótt hefur verið um töku víxlanna til viðskipta í Kauphöll Íslands.

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar í höfuðstöðvum Kviku, Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu Kviku, *www.kvika.is/vixlar*

KVIKA

kvika.is


# Viðkvæmt ástand innan Þjóðleikhússins

**Stjórn FÍL hyggst senda menningarmálaráðherra bréf til að kvarta yfir hvernig tekið hefur verið á athugasemdum vegna framkomu þjóðleikhússtjóra.**



Leikarar funduðu vegna málsins á tilfinningaríkum fundi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**MENNING** Stjórn Félags íslenskra leikara (FÍL) hefur verið falið að senda bréf til þjóðleikhúsráðs og til ráðherra menningarmála þar sem kvartað er yfir aðgerðaleysi ráðherrans og ráðsins vegna athugasemda sem borist hafa vegna hegðunar Ara Matthíassonar þjóðleikhússtjóra. Kvartanir hafi borist ráðinu og ráðherranum vegna samskipta leikhússtjórans við félagsmenn FÍL en ekkert hafi verið að gert. Þetta var niðurstaða opins fundar FÍL á fimmtudag. Fundurinn ákvað einnig að krefjast þess að þjóðleikhúsráð fái utanaðkomandi sérfræðing í vinnuvernd og mannauðsmálum til að fara ofan í kjölinn á samskiptum þjóðleikhússtjóra við nokkurn fjölda listamanna sem starfað hafa fyrir hann.

Formlegar kvartanir hafa borist vegna leikhússtjórans, meðal annars frá FÍL. Kvartanirnar eru misalvarlegar en lúta meðal annars að samningsbrotum, hegðun og erfiðum samskiptum og spanna nokkurra ára tímabil.

Þá hafa formlegar kvartanir einnig ratað á borð ráðherra málaflokksins, Lilju Alfreðsdóttur, sem er yfirmaður þjóðleikhússtjóra. Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og allar meiriháttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn eru bornar undir ráðið. Það vinnur með þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemina. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun skal lögð fyrir ráðið sem hefur eftirlit með framkvæmd hennar.

Fréttablaðið hefur rætt við fagfólk í stétt listamanna sem ber saman um að erfið staða sé komin upp í Þjóðleikhúsinu. Menntamálaráðuneytið auglýsti á dögunum starf leikhússtjóra, en ráðið er í fimm ár í senn. Skipun Ara rennur út 1. janúar 2020 og samkvæmt lögum skal ætíð auglýsa embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils.

Stuttu fyrir páska sendi lögmaður FÍL bréf á Þjóðleikhúsráð og þjóðleikhússtjóra þar sem kvartanir sem borist hafa vegna hans voru teknar saman. Þá sagði í bréfinu að eðlilegt væri að taka tillit til þessara atriða þegar ráðið væri í stöðu þjóðleikhússtjóra, til jafns við það sem vel er gert í leikhúsinu, en rekstur hússins hefur til að mynda gengið vel með Ara við stjórnvölinn. Bréfið var síðan tekið fyrir á þjóðleikhúsráðsfundi á föstudaginn fyrir rúmri viku, þann 3. maí.



**Ari Matthíasson, þjóðleikhússtjóri**

Leikarar í Þjóðleikhúsinu funduðu vegna málsins síðastliðinn þriðjudag á nokkuð tilfinningaríkum fundi. Sumir leikarar könnuðust við lýsingar á framkomu Ara, en aðrir ekki. FÍL fundaði á fimmtudag, meðal annars til að ræða stöðuna í leikhúsinu, líkt og áður kom fram. **olof@frettabladid.is**




VEGNA SÉRSTAKRA AÐSTÆÐNA ER NÚ TIL SÖLU VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI

**Veslun ásamt skerpingarverkstæði, sem þjónustað hefur byggingariðnaðinn í 36 ár, er nú til sölu**

Reksturinn er tvískiptur, Innflutningur, sala á sagarblöðum, fræsitönnum og öðrum verkfærum fyrir tré- og málmiðnaðinn annars vegar og hins vegar skerping á sagarblöðum og ýmsum bitverkfærum fyrir einstaklinga og fyrirtæki.
Fyrirtækið hefur ávallt verið leiðandi á sínu sviði og hefur yfir að ráða fullkomnum tölvustýrðum skerpingarvélum fyrir flestar gerðir sagarblaða og verkfæra.
Velta fyrirtækisins var um 40 miljónir á síðasta ári og felast talsverðir stækkunarmöguleikar í auknum innflutningi.

Allur núverandi rekstur er til sölu ásamt vélum, vörubirgðum og viðskiptasamböndum. Í dag starfa tveir starfsmenn hjá fyrirtækinu.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 564 2488 OG skarpur@simnet.is**


# Segja bandarískar hersveitir enga ógn



Spenna hefur verið í samskiptum Írans og Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**ÍRAN** Hershöfðingi í íranska Byltingarvarðliðinu segir að vera bandarískra hersveita á Persaflóa sé aðeins sálfræðihernaður og hluti áætlunar til að hræða stjórnvöld í Teheran. Breski miðilinn The Guardian greinir frá því að hershöfðinginn Hossein Salami hafi sagt írönskum þingmönnum þetta á lokuðum fundi.

Þá er haft eftir Salami að hann telji að Bandaríkin búi ekki yfir nægilegum herstyrk til að fara í stríð við Íran.

Amirali Hajizadeh, yfirmaður í flugher Byltingarvarðliðsins, segir að bandaríska flugmóðurskipið USS Abraham Lincoln, sem er með sex þúsund hermenn og rúmlega 40 sprengjuþotur, sé núna skotmark en ekki ógn eins og áður. Ef Bandaríkjamenn myndu gera sig líklega yrðu slíku svarað með árás.

Aukin spenna hefur verið í samskiptum ríkjanna frá því að Íranar ákváðu í síðustu viku að draga sig að hluta til út úr alþjóðlegu samkomulagi um kjarnorkuvopn landsins frá 2015. Donald Trump ákvað á síðasta ári að draga Bandaríkin einhliða út úr samkomulaginu og hefja refsiaðgerðir gangvart Íran að nýju.

**» Haft er eftir Salami að hann telji að Bandaríkin búi ekki yfir nægilegum herstyrk til að fara í stríð við Íran.**

Forseti Írans, Hassan Rouhani, segir að landið standi nú frammi fyrir alþjóðlegum þvingunaraðgerðum af áður óþekktri stærðargráðu. Forsetinn hefur kallað eftir samstöðu innanlands til að mæta þrýstingi alþjóðasamfélagsins. **– sar**

# RISA

# TAX FREE

# DAGAR

## SÍÐASTI DAGURINN

## 9.-13. maí

**Taxfree* af öllum fatnaði, öllum skóm, öllum leikföngum, öllum heimilisvörum, öllum F&F fatnaði og öllum snyrtivörum.**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

## Tímaskekkja



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra var í sjónvarpsviðtali hjá BBC á dögunum í þættinum Hardtalk. Hún var mælsk, rökföst, skynsöm og jarðbundin og með sterka útgeislun. Einmitt þannig eiga forsætisráðherrar helst að vera.

Í viðtalinu nefndi Katrín að Ísland væri land án hers. Þetta veit íslenska þjóðin en er þó yfirleitt ekkert sérstaklega að leiða hugann að því. Henni þykir bæði sjálfsagt og eðlilegt að eiga ekki her. Langflestir landsmenn gera sér þó um leið grein fyrir mikilvægi þess að vera í varnarbandalaginu NATO. Hér á árum áður var sungið af krafti gegn þessu bandalagi: Ísland úr NATO, en í dag á slíkt kvak lítinn hljómgrunn meðal landsmanna. Innan Vinstri grænna kyrja menn þó enn þennan söng sem hljómar eins og slæm tímaskekkja.

Jafn skelegg og skörp og Katrín Jakobsdóttir er þá fór ekki hjá því að hún lenti í nokkrum vandræðum með að útskýra fyrir spyrjandanum í Hardtalk afstöðu Vinstri grænna til NATO. Andstaða flokksins við þetta mikilvæga varnarbandalag er svo mikil tímaskekkja að það er nánast ómögulegt að útskýra hana þannig að hún hljómi skynsamlega. Forsætisráðherra reyndi það en tókst ekki. Málstaðurinn sem hún reyndi að verja er svo laus við allt raunsæi að hann getur ekki hljómað eins og raunverulegur valkostur fyrir litla þjóð í norðri.

Það er sannarlega rétt að gleðjast yfir því að Ísland skuli vera herlaust land því slíkt er ekki sjálfgefið í hættulegum heimi. Um leið er brýn nauðsyn að Ísland sé hluti af varnarbandalaginu NATO. Óskin um að Ísland gangi úr NATO er óraunhæf, enda draumsýn og yrði hún einn daginn að raunveruleika byði það alls kyns hættum heim.

Stjórnvöldum ber skylda til að tryggja öryggi og varnir lands síns og þjóðar sinnar. Lítil þjóð sem vill ekki eiga her verður að eiga samvinnu við önnur ríki sem eru henni velviljug. Ísland á því heima í NATO. Hugmyndir Vinstri grænna um að kveðja bandalagið byggja á mjög svo rómantískri draumsýn um heim þar sem allir eru vinir og ekkert er að. Hver sá sem horfir á sjónvarpsfréttatíma veit að heimurinn er ekki þannig. Þetta ættu Vinstri græn að gera sér ljóst. Samt eru flokksmenn enn að daðra við úrsögn úr NATO – stefnumál sem engin ríkisstjórn á Íslandi mun nokkru sinni samþykkja.

Í stjórnarandstöðu er úrsögn úr NATO draumórabaráttumál vinstri flokks sem vill skapa herlausan heim. Þegar flokkur sem hefur þetta á stefnuskrá sinni kemst í ríkisstjórn verður þessi stefna beinlínis vandræðaleg, eins og kemur berlega í ljós þegar formaður þessa flokks og forsætisráðherra landsins þarf að svara fyrir hana erlendis.

Sennilega er til of mikils mælst að Vinstri græn sýni raunsæi og kveðji þetta óskynsamlega stefnumál sitt. Þau vilja örugglega kyrja áfram á flokksfundum: Ísland úr NATO, og það svo sem flestum að meinalausu. Í ríkisstjórnarsamstarfi hljómar slíkt tal hins vegar eins og óráðshjal. Enginn á að gera sér betur grein fyrir því en forsætisráðherra landsins.

**Óskin um að Ísland gangi úr NATO er óraunhæf, enda draumsýn.**

Halldór





Fedasz Dental Hungary
your specialist in dental tourism

Save 50-70% on Dental Treatment in Hungary

Dentistry - Dental Laboratory - Hotel on-site!

Contact us now!
0036 70 942 9573
info@fedaszdental.hu





## Frá degi til dags

**Allt er pólitík**

**Beðið hafði verið með nokkurri eftirvæntingu eftir því hvernig liðsmenn Hatara myndu nýta sér sviðsljósið sem beint er að þeim í Tel Avív. Sérfræðingar um keppnina hafa sagt að Hatari hafi ekki bara dansað á línunni heldur traðkað á henni með framkomu sinni og málflutningi. Í viðtali við norræna fjölmiðlamenn upplýstu forsprakkar Hatara að þeir hefðu rætt við Jon Ola Sand, hinn geðþekka norska framkvæmdastjóra Eurovision, sem hefði sagt þeim að þeir yrðu að hafa sig hæga. Í framhaldinu neituðu þeir að svara spurningum um veðrið og uppáhaldsmat sinn af ótta við að svörin yrðu túlkuð pólitískt. Svarið kom spyrlinum spánskt fyrir sjónir en á Íslandi vita menn að maður grínast hvorki með veðrið né mataræðið.**

**Guð styður ekki Liverpool**

**Stuðningsmenn Liverpool voru ekki bænheyrðir í gær þrátt fyrir að boðað hefði verið til sérstakrar messu til að reyna að koma Englandsmeistaratitlinum í hús. Allt kom fyrir ekki og Manchester City fagnaði titlinum eftir sigur á Brighton. Tilraun prestsins í Seljakirkju var virðingarverð en spyrja má hvort það hefði ekki átt að vera löngu ljóst að almættið heldur greinilega ekki með Liverpool. Eyðimerkurgangan hefði þá bara staðið í sjö ár en ekki tæplega 30.**

sighvatur@frettabladid.is

## Nýsköpun í náttúruvernd



Hildur Björnsdóttir
borgarfulltrúi

Í lok nítjándu aldar blasti óvenjulegur umhverfisvandi við stórborgum heims. Tugþúsundir dráttarklára sáu um fólksflutninga, en þeim fylgdi ótæpilegt magn af hrossaskít. Dagblaðið Times birti dómsdagsskáp. Innan 50 ára yrðu götur Lundúna þaktar nærri þriggja metra lagi af hrossaskít. Til þess kom þó aldrei. Árið 1908 kom til sögunnar fyrsta fjöldaframleidda bifreiðin. Nýsköpun leysti af hólmi dráttarklárinn, ferðamynstur breyttust og þriggja metra skítur þrengdi aldrei að strætum Lundúna.

Baráttan við loftslagsbreytingar af mannavöldum er eitt stærsta viðfangsefni samtímans. Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna telur 70-90% nauðsynlegra aðgerða í loftslagsmálum bundin sveitarstjórnarstiginu. Hér gegna sveitarstjórnir því lykilhlutverki.

Reykjavíkurborg stefnir að kolefnishlutleysi fyrir árið 2040. Umhverfisvænni samgöngur verða þungavigtarþáttur á þeirri vegferð. Um aldamótin fylgdi hestknúnum samgöngum umhverfisvandi. Í dag fylgir vélknúnum samgöngum umhverfisvandi. Sem fyrr liggur lausnin í nýsköpun – orkuskipti og almenningssamgöngur munu gegna lykilhlutverki í átt að kolefnishlutleysi. Hér þarf borgin að tryggja frjóan jarðveg fyrir tækni og nýjar lausnir.

Í vikunni sem leið samþykkti borgarráð helmingsfækkun bensínstöðva í borgarlandinu, enda fádæma fjöldi stöðva í borginni miðað við íbúatölu. Samhljómur var um þá tillögu Sjálfstæðismanna að ná þessu metnaðarfulla markmiði fyrir 2025. Það er jákvætt skref í rétta átt.

Reykjavíkurborg er í kjöraðstöðu til að vera leiðandi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Aðgangur að hreinni íslenskri orku ætti að tryggja okkur forystu í orkuskiptum. Smæðin ætti að tryggja okkur forystu í kolefnishlutleysi. Borgin getur gert miklu betur.

Mýmargir telja aukna áherslu á náttúruvernd ógn við atvinnulífið. Nýsköpun, atvinnuuppbygging og náttúruvernd eiga þó margvíslega samleið. Við eigum að skapa farveg fyrir þekkingu og hugvit – fyrir nýsköpun og lausnir í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Í því felast tækifæri til atvinnuuppbyggingar og verðmætasköpunar – en ekki síst tækifæri til náttúruverndar.

**Um aldamótin fylgdi hestknúnum samgöngum umhverfisvandi. Í dag fylgir vélknúnum samgöngum umhverfisvandi.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Jæja

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson



Nú hefur breska þingið og líka Landvernd lýst yfir neyðarástandi í umhverfismálum. Ég held að það sé ekkert annað að gera en að íslensk stjórnvöld, þing eða ríkisstjórn, geri slíkt hið sama. Á næstu tíu árum mun koma í ljós hvort hægt verður að beina jörðinni af braut ofhitnunar eða ekki. Ef það tekst ekki, þá getum við alveg hætt að bursta tennurnar. Ekkert mun skipta máli. Öfgafull veður, skortur, örbirgð, almennt böl, útdauðar dýrategundir og brátt útdautt mannkyn verður leiðarendinn ef það mistekst að leysa þessa úrslitaþraut.

Ég tók próf á vefsíðu um helgina. Þar átti ég að forgangsraða þeim aðgerðum sem kæmu sér best fyrir umhverfið. Þetta var soldið lúmskt próf. Margt hljómaði sennilega og allt skipti máli, en það er skemmst frá því að segja að ég kom ferlega illa út úr þessu. Vissi ekki mikið. Ég vissi til dæmis ekki hvað ísskápar og loftkælingar heimsins hafa ótrúlega slæm áhrif á andrúmsloftið. Það þarf að skipta



þeim öllum út fyrir umhverfisvænni lausnir, sem munu vera á leiðinni á markað. Mig grunaði að minni sóun matvæla skipti máli, en ekki að hún væri í þriðja sæti yfir áhrifamestu aðgerðirnar samkvæmt heimasíðunni drawdown.org. Að minnka kjötát er á topp fimm. Að fleiri eldi mat á góðri eldavél, en ekki til dæmis yfir opnum eldi, er í 21. sæti. Að rafbílavæða heiminn er í 26. sæti. Umhverfisvænni flugvélar eru í 46. sæti. Að leggja hjólareiðastíga í borgum er í 59. sæti.

**Hvað getum við gert?**

Staðreyndin er þessi: Á öllum sviðum samfélagsins þarf að grípa til aðgerða. Ekkert eitt leysir málið.

Mér sýnist hins vegar að núna, þegar komið er að því að segja að íslenskum sið hið góða og fornkveðna „jæja“ og fara að bretta upp ermar í þessum málum, þá verði þetta að koma fyrst: Að fræða okkur öll. Hvað getum við gert? Það þarf að segja okkur það.

Það sem vakti athygli mína og jók mér bjartsýni við það að skoða listann á heimasíðunni yfir nauðsynlegar aðgerðir og forgangsröðun þeirra, var hversu viðráðanlegt og í raun sjálfsagt og gott hvert verkefni er fyrir sig. Hver vill sóa matvælum? Það er sjálfsagt að minnka slíkt. Hver vill eiga ísskáp sem spúir gróðurhúsalofttegundum? Hver vill ekki umhverfisvænan bíl? Engin aðgerð á þessum lista

**Á öllum sviðum samfélagsins þarf að grípa til aðgerða. Ekkert eitt leysir málið.**

var þess eðlis að maður hugsaði: „Ó, nei! Ég vil frekar deyja út en að gera þetta.“ Sem sagt: Ef ég — sem mikið kjötmenni til langs tíma og einlægur aðdáandi góðrar nautasteikur — þarf að binda nautakjötsát við afmælið mitt hér eftir, nú þá það. Svoleiðis verður það að vera. Ég hef þegar hafið heimatilbúna hugræna atferlismeðferð til þess að sannfæra sjálfan mig um það að spergilkál, sérstaklega þegar það er steikt upp úr smjöri og salti (á góðri eldavél), sé mun ljúffengara.

**Ekkert skiptir meira máli**

Jæja, segi ég. Nú þarf að fara að gera eitthvað. Það er komið að þessu. Dæsandi þurfum við öll að standa upp frá eldhúsborðinu og ganga til verka, eins og Íslendingar hafa gert um aldir. Út að vinna. Öll saman. Baráttan við ofhitnun jarðar er langstærsta viðfangsefni samtímans. Allt annað bliknar. Það er vissulega gott að það er búið að gera kjarasamninga og það er rosaspennandi að bankarnir séu búnir að opna fyrir það að maður geti borgað með símanum sínum og það væri klárlega gaman að sjá Hatara komast áfram á morgun, en allt þetta er hjóm í samhengi við mikilvægi þess að ganga hraustlega til verka í umhverfismálum.

Um leið og almenningur er fræddur svo um munar, þarf einnig að leggja fram pakka á þingi. Lög þarf að setja. Það er augljóst til dæmis að við ætlum ekki að styðja kjötframleiðslu um marga milljarða á ári í veröld þar sem verður lífsnauðsynlega að draga úr kjötáti. Það er augljóst að þeir sem keyra bensínháka verða að hætta því. Umhverfisskattar á óumhverfisvæna framleiðslu, neyslu og þjónustu, eins og stóriðju, flugsamgöngur og óumhverfisvænan landbúnað verða að koma til. Og þeir skattar verða að renna beint í kolefnisjöfnun þessara athafna og/eða umskiptingu yfir í aðra framleiðslu eða umhverfisvænni tækni. Það er líka augljóst að við þurfum að taka fullan og hugheilan þátt í öllu alþjóðlegu samstarfi á öllum sviðum til þess að kljást við þennan vanda. Og við þurfum að taka meira strætó. Eða hjóla. Eða ganga.

Í lögum þarf eflaust að banna sumt, hvetja til annars. Neyðarástandið verður að birtast okkur svona: Önnur sjónarmið en umhverfissjónarmið fara í annað sæti. Undantekningalaust.

Þangað til við erum búin að redda þessu.





Elín Edda Sigurðardóttir ákvað fyrir tæpum þremur árum að fara á fullt í hlaupum en hún einbeitir sér aðallega að maraþoni og hefur náð góðu árangri.

# Frábær frumraun í maraþoni

**Fyrir skömmu hljóp Elín Edda Sigurðardóttir sitt fyrsta heila maraþon en þá voru tæp þrjú ár síðan hún hóf að æfa hlaup af fullum krafti. Hún náði næstbesta tíma íslenskrar konu í sínu fyrsta hlaupi í Hamborg.**

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Elín Edda Sigurðardóttir náði á dögunum næstbesta tíma sem íslensk kona hefur náð í maraþonhlaupi. Það sem gerir þennan góða árangur Elínar Eddu í hlaupinu ekki síður eftirtektarverðan er sú staðreynd að þetta er í fyrsta skipti sem hún hleypur heilt maraþon. Þá eru einungis rúm tvö ár síðan Elín Edda fór að æfa hlaup af alvöru hjá meistaraflokki ÍR. Eftir að hafa flakkað á milli íþrótta og skokkað aðallega sér til ánægju og yndisauka fyrst sjálf og síðar með skokkhóp komst hún í keppnisham þegar hún kynntist starfinu í ÍR.

Þjálfari hennar Martha Ernstdóttir á besta tímann, en tími Elínar Eddu á dögunum var 2:49,00 og Íslandsmet Mörthu er 2:35,15. Báðar hlupu þær á þýskri grundu en Martha setti metið í Berlín árið 1999 og nú 20 árum síðar hljóp Elín Edda í Hamborg. Martha var með Elínu Eddu í Hamborg en hún hefur reynst henni afar vel í lærdómsferlinu um hvernig best er að undirbúa sig fyrir heilt maraþon.

„Mér leið ofsalega vel um leið og ég lagði af stað í hlaupið. Tilfinningin var bara eins og ég væri að skokka fyrstu 25 kílómetrana. Ég fann það strax að þetta yrði gott hlaup og ég myndi ná góðum tíma. Öndunin var góð allan tímann og ég lenti aldrei á þeim vegg sem ég hafði heyrt að einhverjir lentu í um 30 kílómetrana eða þar á eftir, sem var bara frábært,“ segir Elín Edda um upplifun sína af hlaupinu.

„Ég var vel meðvituð um það að ég mætti ekki keyra of hratt þannig að ég myndi ekki springa og þyrfti að hægja á mér. Ég náði að halda stöðugum hraða út allt hlaupið og það skilaði þessum góða tíma. Nú tekur við að æfa mig enn frekar í þessum tæknilegu atriðum og svo er ekki síður mikilvægt að þjálfa hugann í því að takast á við jafn erfiða andlega raun og maraþonhlaup er,“ segir hún enn fremur um hlaupið í Hamborg.

„Mér finnst ég hafa fundið mína hillu í maraþonhlaupinu en ég mun inn á milli hlaupa áfram 5, 10 og 21 kílómetra hlaup. Maraþonið og önnur langhlaup hafa eiginlega heltekið mig og eiga hug minn allan. Mig langar mjög að bæta mig enn frekar en ég hef svo sem ekki sett mér nein töluleg markmið í þeim efnum. Ég er eiginlega fyrst núna að komast niður úr skýjunum með það hversu vel hlaupið gekk og ná að melta það hvernig ég framkvæmdi hlaupið. Á næstu dögum mun ég svo setjast niður með Mörthu og setja upp áætlun fyrir næstu skref,“ segir hún um framhaldið hjá sér í hlaupunum.



Elín Edda í hlaupinu í Hamborg.



Elín Edda í Reykjavíkurmaraþoninu.

**Mér finnst ég hafa fundið mína hillu í maraþonhlaupinu. Maraþonið og önnur langhlaup hafa eiginlega heltekið mig og eiga hug minn allan.**

„Martha hefur reynst mér ofboðslega vel í því ferli að gera mig reiðubúna til þess að hlaupa heilt maraþon. Ef ég hefði ekki notið handleiðslu hennar hefði ég líklega farið of geyst í hlutina og lent á veggnum sem ég nefndi áðan. Hún er gríðarlega reynslumikill hlaupari og ég er mjög þakklát fyrir það sem hún hefur gert fyrir mig. Ég get vel ímyndað mér að hún sjái svolítið sjálfa sig í mér og það kveiki hjá henni þann áhuga sem hún hefur á minni þjálfun,“ segir þessi metnaðarfulli hlaupari.

Auk þess að vera á fullu í hlaupum starfar Elín Edda sem læknir en hún er að sérmennta sig sem svæfingalæknir og vinnur krefjandi vinnu á Landspítalanum. Það er henni til happs að sambýlismaður hennar er einnig hlaupari og því er fullur skilningur á heimilinu fyrir því að frítíminn fari í áhugamál þeirra beggja og að heilbrigt líferni sé krafa.

„Við kynntumst í hlaupastarfinu í ÍR og það kemst fátt annað að á heimilinu en að undirbúa sig eins vel og nokkur kostur er fyrir næstu æfingu eða næsta hlaup. Auðvitað lifum við félagslífi og ég leyfi mér alveg að fá mér rauðvínsglas með vinkonunum, en það er mér hins vegar mjög mikilvægt vegna anna í starfi og metnaðar í hlaupunum að ég fái góða hvíld og næri mig á réttan hátt. Hlaupin eru auðvitað fyrst og fremst til lýðheilsu og til þess að halda góðri geðheilsu en ég er líka komin með mikið keppnisskap fyrir því að standa mig vel á þeim vettvangi,“ segir Elín aðspurð um hvernig gangi að samþætta hlaupin við vinnu og daglegt líf.

„Við Vilhjálmur Þór, kærasti minn, erum búin að vera með hugmynd að hlaðvarpsþætti í kollinum í langan tíma og þetta er ein af þessum góðu hugmyndum sem við höfum fengið á einu af okkar mörgu hlaupaspjöllum. Fyrsti þátturinn kemur í þessari viku á helstu miðla og við stefnum að útgáfu á tveggja vikna fresti. Þátturinn kallast Hlaupalíf hlaðvarp. Við munum spjalla um allt milli himins og jarðar sem viðkemur hlaupum og taka viðtöl við fjölbreyttan hóp af fólki.

Ég sé fyrir mér að ég muni halda áfram að hlaupa meðfram sérnámi mínu, en taka skorpur inn á milli þar sem ég einbeiti mér af fullum krafti að hlaupunum. Ég fór til að mynda til Colorado nýverið í hlaupabúðir í þrjár vikur og það gerði mér mjög gott. Það er ákveðinn draumur hjá mér að fara einhvern tímann til Kenía og hlaupa þar í því sem er svona eiginlega mekka langhlauparans. Svo heilla náttúruhlaup mig mjög mikið og í sumar stefni ég til dæmis á að fara á Vestfirðina og taka þátt í hlaupi þar og svo bara í öllum þeim hlaupum sem bjóðast hér heima. Ég er mjög spennt fyrir því að halda áfram að bæta mig sem hlaupari og halda áfram að skoða heiminn á hlaupum,“ segir hún um komandi verkefni hjá sér og framtíðaráform þegar kemur að hlaupaferlinum.

hjorvaro@frettabladid.is

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**ÍBV - Grindavík 2-2**
1-0 Víðir Þorvarðarson (45.), 1-1 Correia (sjálfsmark) (45.), 2-1 McAusland (sjálfsmark) (45.), 2-2 Aron Jóhannsson (60.).

**Valur - ÍA 1-2**
0-1 Óttar Bjarni Guðmundsson (21.), 0-2 Arnar Már Guðjónsson (45.), 1-2 Gary John Martin (vítaspyrna) (57.).

**KR - Fylkir 1-1**
1-0 Tobias Thomsen (33.), 1-1 Ragnar Bragi Sveinsson (90.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 7 | KA | 3 |
| ÍA | 7 | Víkingur | 2 |
| FH | 7 | Grindavík | 2 |
| Fylkir | 5 | Valur | 1 |
| KR | 5 | HK | 1 |
| Stjarnan | 5 | ÍBV | 1 |

**Pepsi-deild kvenna**

**ÍBV - Þór/KA 1-3**
0-1 Sigríður Lára Garðarsdóttir (34.) vítaspyrna, 1-1 Stephany Mayor (38.), Margrét Árnadóttir (40.), 1-3 Stephany Mayor (87.).



Ólafía Þórunn Kristinsdóttir stóð sig vel á móti í Bandaríkjunum.

## Fínir hringir hjá Ólafíu Þórunni

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, atvinnukylfingur úr GR, endaði í 45. sæti á IOA Invitational-mótinu í golfi sem er hluti af Symetra-mótaröðinni og fór fram í Milton, Georgíu, í Bandaríkjunum um helgina. Ólafía Þórunn lék hringina þrjá á mótinu á samtals tveimur höggum yfir pari.

Þetta er í annað skiptið á tímabilinu sem Ólafía kemst í gegnum niðurskurðinn á Symetra-mótaröðinni og jafnframt besti árangur hennar á mótaröðinni á yfirstandandi keppnistímabili.

Ólafía Þórunn er að búa sig undir sitt sjöunda risamót á ferlinum þegar hún leikur á Opna bandaríska meistaramótinu sem fram fer í Charleston í Suður-Karólínu á austurströnd Bandaríkjanna, dagana 30. maí til 2. júní. **– hó**

## Friðrik Ingi tekur við Þór

**KÖRFUBOLTI** Friðrik Ingi Rúnarsson hefur verið ráðinn þjálfari karlaliðs Þórs Þorlákshöfn í körfubolta en hann tekur við starfinu af Baldri Þór Ragnarssyni sem var í síðustu viku ráðinn þjálfari Tindastóls.

Friðrik Ingi, sem er margreyndur og sigursæll þjálfari, var síðast með karlalið Keflavíkur en hann ýjaði að því þegar hann lauk störfum þar að hann væri hættur þjálfun.

Nú hefur þjálfarabakterían hins vegar náð tökum á honum og hann mun snúa aftur á komandi keppnistímabili.

Þessi 51 árs gamli þjálfari hefur hann unnið titla með Njarðvík og Grindavík auk þess að þjálfa íslenska landsliðið. **– hó**

# TILBOÐ Á DEWALT ALLA VIKUNA

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

## OPIÐ ALLA VIKUNA TIL 18:00

**TILBOÐ**

### HLEÐSLUSETT

18v sett í þremur töskum
Settið inniheldur:
Fjölnota sög, Hjólsög, Slípirokk, Borvél, SDS + Borvél, Hersluvél, Hleðslutæki, 3x Rafhlöður 18v 5 Ah.

vnr 94DCK654P3T

**159.900** m/vsk
Fullt verð 197.458



**KAUPAUKI**

ÞRJÚ AUKA SAGARBLÖÐ FYLGJA
EF ÞÚ VERSLAR



VELTI- EÐA GEIRUNGSSÖG

**KAUPAUKI**

10 FYRSTU SEM VERSLA FYRIR MEIRA EN
350.000 KR




FÁ BLUETOOTH HÁTALARA
Í KAUPBÆTI

**TILBOÐ**

### HLEÐSLUBORVÉL 18V

Tvær 18v 2.0 Ah rafhlöður.
Hersla: 70Nm.
Snúningshraði: 550/2000 sn/mín.
Kemur T-STAK tösku.
Hleðslutæki fylgir.

vnr 94DCD791D2

**35.900** m/vsk
Fullt verð 44.438




**TILBOÐ**

### NAGLABYSSA 18V

Ekkert gas né púður
Neglir bæði í stál og steypu
Rafhlöðugerð: 18V
Lengd nagla: 13 - 57 mm

vnr 94DCN890P2

**135.900** m/vsk
Fullt verð 159.902




KAUPAUKI
ÞRÍR PAKKAR

AF NÖGLUM
Í KAUPBÆTI

**TILBOÐ**

### HERSLULYKILL 18V

Mesta hersla: 205 Nm
Stök vél.
1/4" bitahaldari.
Kolalaus.

vnr 94DCF887N

**31.405** m/vsk
Fullt verð 39.256




**TILBOÐ**

### VELTISÖG

Blað: 250 mm
Halli: 45°
Þyngd: 37 Kg
Afl: 2000 wött

vnr 94DW743

**85.900** m/vsk
Fullt verð 94.900



KAUPAUKI
ÞRJÚ AUKA BLÖÐ



Í KAUPBÆTI

**TILBOÐ**

### GEIRUNGSSÖG 250MM

Mesta skurðargeta: 88 X 302 mm
Mesti halli: 48/48°
Blaðastærð: 250 mm
Afl: 1675W
Skuggalína

vnr 94DW717XPS

**91.900** m/vsk
Fullt verð 129.553



KAUPAUKI
ÞRJÚ AUKA BLÖÐ



Í KAUPBÆTI

**TILBOÐ**

### BORÐ FYRIR GEIRUNGSSAGIR

Létt og þægilegt borð fyrir allar gerðir geirungssaga.
Stærð: 1,2 m samanbrotið en 2,6 m útbreitt.

vnr 94DE7033

**29.900** m/vsk
Fullt verð 33.900



Tilboð gilda frá 13. - 17. maí eða á meðan birgðir endast

**www.sindri.is / sími 575 0000**

Skútuvogi 1 - Reykjavík I Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 38. umferðar 2018-19**

**Brigton - Man. City 1-4**
1-0 Glenn Murray (27.), 1-1 Sergio Agüero (28.), 1-2 Aymeric Laporte (38.), 1-3 Riyad Mahrez (63.), Ilkay Gündogan (72.).

**Liverpool - Wolves 2-0**
1-0 Sadio Mané (17.), 2-0 Sadio Mané (71.).

**Tottenham - Everton 2-2**
1-0 Eric Dier (3.), 1-1 Theo Walcott (69.), 1-2 Cenk Tosun (72.), 2-2 Christian Eriksen (75.).

**Burnley - Arsenal 1-3**
0-1 Pierre-Emerick Aubameyang (51.), 0-2 Pierre-Emerick Aubameyang (63.), 1-2 Ashley Barnes (65.), 1-3 Eddie Nketiah (90.).

**Leicester - Chelsea 0-0**

**Man.Utd - Cardiff 0-2**
0-2 Nathanie Mendez-Laing (vítaspyrna) (23.), Nathanie Mendez-Laing (54.).

**C. Palace - B'mouth 5-3**
1-0 Michy Batshuayi (24.), 2-0 Batshuayi (32.), 3-0 Jack Simpson (sjálfsmark) (37.), 3-1 Jefferson Lerma (45.), 3-2 Jordon Ibe (57.), 4-2 Patrick Van Aanholt (65.), 4-3 Joshua King (73.), 5-3 Andros Townsend (80.).

**Fulham - Newcastle 0-4**
0-1 Jonjo Shelvey (9.), 0-2 Ayoze Perez 11, 0-3 Fabian Schär (61.), 0-4 S. Rondon (90.).

**S'ton - Huddersfield 1-1**
1-0 Nathan Redmond (41.), 1-1 Alex Pritchard (50.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man.City | 38 | 32 | 2 | 4 | 95-23 | 98 |
| Liverpool | 38 | 30 | 7 | 1 | 89-22 | 97 |
| Chelsea | 38 | 21 | 9 | 8 | 63-39 | 72 |
| Tottenham | 38 | 23 | 2 | 13 | 67-39 | 71 |
| Arsenal | 38 | 21 | 7 | 10 | 73-51 | 70 |
| Man. Utd. | 38 | 19 | 9 | 10 | 65-54 | 66 |
| Wolves | 38 | 16 | 9 | 13 | 47-46 | 57 |
| Everton | 38 | 15 | 9 | 14 | 54-46 | 54 |
| Leicester | 38 | 15 | 7 | 16 | 51-48 | 52 |
| West Ham | 38 | 15 | 7 | 16 | 52-55 | 52 |
| Watford | 38 | 14 | 8 | 16 | 52-59 | 50 |
| C. Palace | 38 | 14 | 7 | 17 | 51-53 | 49 |
| Newcastle | 38 | 12 | 9 | 17 | 42-48 | 45 |
| B'mouth | 38 | 13 | 6 | 19 | 56-70 | 45 |
| Burnley | 38 | 11 | 7 | 20 | 45-58 | 40 |
| S'ton | 38 | 9 | 12 | 17 | 45-65 | 39 |
| Brighton | 38 | 9 | 9 | 20 | 36-60 | 36 |
| Cardiff | 38 | 10 | 4 | 24 | 34-27 | 34 |
| Fulham | 38 | 7 | 5 | 26 | 34-81 | 26 |
| H'field | 38 | 3 | 7 | 28 | 22-86 | 16 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum á Englandi**

Everton
**Gylfi Þór Sigurðsson**

Spilaði allan leikinn fyrir Everton þegar liðið gerði 2-2 jafntefli. Hann lagði upp mark Theos Walcott í leiknum en það var sjötta stoðsendingin hans á leiktíðinni. Hann skoraði auk þess 13 deilarmörk fyrir liðið í vetur.

Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**

Átti stoðsendinguna í marki Ashleys Barnes þegar Burnley laut í lægra haldi 3-1 fyrir Arsenal. Þetta var sömuleiðis sjötta stoðsending hans á keppnistímabilinu.

Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**

Aron Einar spilaði tæpan klukkutíma í kveðjuleik sínum fyrir Cardiff sem vann Manchester United 2-0 en velska liðið var þegar fallið úr deildinni fyrir lokaumferðina.

Aston Villa
**Birkir Bjarnason**

Var ekki í leikmannahópi Aston Villa þegar liðið lagði WBA að 2-1 að velli í fyrri leik liðanna í umspili um laust sæti í efstu deild á næstu leiktíð.



Vincent Kompany, fyrirliði Manchester City, lyftir hér bikarnum á loft eftir að Mancester City hafði tryggt sér enska meistaratitilinn með öruggum sigri

# Manchester City varði enska me

**Lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla fór fram í gær. Mesta spennan var um það hvaða l pool þurfi að treysta á að Brighton tæki stig af Manchester City. Það gerðist ekki og 4-1 sigur Manchester City**

**FÓTBOLTI** Manchester City varð í gær enskur meistari í knattspyrnu karla annað árið í röð og alls í sjötta skipti í sögu félagsins. Fyrir lokaumferð deildarinnar var ljóst að ef liðið færi með sigur af hólmi í leik sínum gegn Brighton, sem hafði að engu að keppa, myndi titillinn vera áfram í herbúðum Manchester City.

Leikmenn Manchester City fengu blauta tusku í andlitið um miðbik fyrri hálfleiks þegar Glenn Murray kom Brigton óvænt yfir en Adam var ekki lengi í paradís hjá Liverpool-mönnum og Sergio Agüero jafnaði metin skömmu síðar. Aymeric Laporte, Riyad Mahrez og Ilkay Gündogan sáu svo til þess að róa taugar stuðningsmanna Manchester City og sigldi meistaratitlinum þægilega í höfn.

Manchester City varði þar af leiðandi titil sinn og varð enskur meistari í sjötta skipti í sögu félagsins. Fyrsti titillinn kom vorið 1937, annar 31 ári síðar og svo varð liðið meistari árin 2012 undir stjórn Roberto Mancini og 2014 með Manuel Pellegrini við stjórnvölinn.

Pep Guardiola tók við stjórnartaumunum hjá liðinu af Pellegrini vorið 2016. Fyrsta keppnistímabilið gekk ekki sem skyldi hjá Guardiola en liðið setti stigamet árið eftir með því að hala inn 100 stig. Manchester City tryggði sér þá enska meistaratitilinn þegar fimm umferðir voru eftir og yfirburðir liðsins voru algjörir. Ljóst var að nýtt stórveldi væri að fæðast.

Liverpool veitti Manchester City hins vegar harða samkeppni á leiktíðinni sem var að ljúka og liðin skiptust á að halda forystunni í deildinni. Segja má að vendipunkturinn á tímabilinu hafi verið 2-1 sigur Manchester City gegn Liverpool í upphafi ársins en fyrir þann leik var Liverpool með sjö stiga forskot á toppi deildarinnar eftir gjöfula jólatörn.

Eftir þann sigur laut Manchester City einungis í lægra haldi í einum leik og hafði raunar betur í 14 síðustu deildarleikjum sínum á leiktíðinni og endaði með eins stigs forskot á Liverpool sem hefur aldrei fengið jafn mörg stig í deildinni, eða 97.

Liverpool-messan, sem haldin var í Seljakirkju í gær og stuðningsmenn Liverpool fjölmenntu á, dugði því ekki til þess að binda enda á 29 ára bið félagsins eftir enska meistaratitlinum. Aðstoð æðri máttarvalda dugði til þess að færa Liverpool sigur í lokaumferðinni en náði ekki að flytja þau fjöll að Brighton hrifsaði stig af Manchester City.

Þessi tvö lið voru í algjörum sérflokki í deildinni á þessu keppnistímabili en Chelsea sem varð í þriðja sæti fékk 25 stigum minna en Liverpool. Manchester City skoraði 95 mörk í deildinni á yfirstandandi

## Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Sigur Manchester City gegn Brighton var eftir bókinni en hann tryggði lærisveinum Pep Guardiola annan meistaratitilinn í röð. Glenn Murray velgdi liðinu undir uggum með því að koma Brighton yfri en þung pressa og gæði leikmanna Manchester City varð til þess að liðið fór með sannfærandi sigur af hólmi og sigldi titlinum í höfn.

**Hvað kom á óvart?**
Aron Einar Gunnarsson og félagar hans hjá Cardiff City kvöddu deildina með góðum sigri gegn Manchester United sem fer með óbragð inn í sumarið eftir þetta tap. Úrslitin höfðu engin áhrif á það hvar liðin enda í töflunni en eru sálrænt slæm fyrir Manchester United en kæta hins vegar stuðningsmenn Cardiff City.

**Mestu vonbrigðin**
Liverpool-menn fara vonsviknir inn í sumarið þrátt fyrir að liðið hafi sett félagsmet yfir flest stig í ensku efstu deildinni. Stuðningsmenn liðsins fengu vonarglætu í skamman tíma eftir að Brighton komst yfir og liðið gerði sitt með því að vinna Wolves en það dugði ekki til þess að tryggja liðinu titilinn.

## Leikmaður helgarinnar

Sadio Mané skoraði bæði mörk Liverpol í 2-0 sigri liðsins gegn Wolves, en hann varð þar af leiðandi markahæsti leikmaður deildarinnar ásamt liðsfélaga sínum Mohamed Salah og Pierre-Emerick Aubameyang, framherja Arsenal, en þeir skoruðu hver um sig 22 mörk fyrir lið sín.

Senegalski framherjinn hefur reynst Liverpool afar vel síðan hann gekk til liðs við Liverpool frá Southampton árið 2016 en hann skoraði 13 deildarmörk á sinni fyrstu leiktíð með liðinu og svo 10 mörk á þeirri næstu.



Hann bætti sig því umtalsvert í markaskorun á nýliðinni leiktíð og var einn af lykilleikmönnum liðsins í titilbaráttunni sem liðið háði gegn Manchester City.

Hraði Mané og dugnaður er einnig stór þáttur í því að lærisveinar Jürgen Klopp geti leikið þá stífu og stöðugu pressu sem liðið leikur. Þá skapar þessi öflugi framherji stöðugt usla í vörnum andstæðinga Liverpool með klókum og vel útfærðum hlaupum sínum með og án bolta.

# Fólk
Lífsstíll

MÁNUDAGUR 13. MAÍ 2019

30% afsláttur
í hádeginu alla virka daga

THE SUSHI Osushi
Tryggvagötu

Active Liver
- Daglegt detox!





„Markmið mitt í sumar er að reyna að gera betur en í fyrra," segir Alexandra Jóhannsdóttir, leikmaður Breiðabliks. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Vill vera meira en efnileg

## Alexandra Jóhannsdóttir, sem var valin efnilegasti leikmaður síðasta árs í efstu deild kvenna í knattspyrnu, stefnir hærra á tímabilinu sem er nýhafið.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Pepsi Max deild kvenna í knattspyrnu hófst snemma í maímánuði og stefnir í skemmtilegt og spennandi Íslandsmót eins og undanfarin ár. Einn þeirra leikmanna sem koma vel undirbúnir til leiks er Alexandra Jóhannsdóttir í Breiðabliki en hún var valin efnilegasti leikmaður Pepsi-deildar kvenna á síðasta ári þar sem hún m.a. skoraði fimm mörk og átti stóran þátt í að liðið hampaði Íslandsmeistaratitlinum. „Markmið mitt í sumar er að reyna að gera betur en í fyrra og gera allt sem ég get til að liðinu gangi sem best. Liðið ætlar sér að vinna titla en við einbeitum okkur samt bara að einum leik í einu og sjáum hvert það leiðir okkur. Ég ætla í háskóla í haust svo að ég er ekkert að stressa mig á því að fara í atvinnumennskuna erlendis. Ef eitthvað gott býðst þá er aldrei að vita hvað maður gerir. Það er klárlega markmiðið að fara út einn daginn í atvinnumennskuna."

Hún segir það hafa komið sér á óvart að vera valin efnilegasti leikmaðurinn eftir síðasta tímabil. „Ég átti alls ekki von á þessu fyrir tímabilið en valið bara hvetur mig til að gera enn betur í ár. Það eru mjög margir efnilegir leikmenn á landinu svo ég þarf bara að halda áfram að æfa vel til að ná lengra en að vera efnileg."

### Fékk góðan stuðning

Alexandra var sex ára gömul þegar hún hóf að æfa fótbolta með Haukum í Hafnarfirði en hafði áður æft fimleika. „Árið 2012 hóf ég einnig að æfa handbolta samhliða fótboltanum og hélt því áfram þar til ég varð sextán ára. Draumurinn hefur alltaf verið að ná langt í fótboltanum og mig hefur lengi dreymt um að komast í landsliðið."

Hún segir foreldra sína hafa stutt sig vel alla tíð og þakkar þeim mikið árangur sinn. „Þau hafa stutt mig í öllu sem ég hef tekið mér fyrir hendur og gert allt sem þau

geta gert til að ég standi mig sem best. Ég held ég geti talið á fingrum annarrar handar leikina sem þau hafa ekki séð með mér, hvort sem það er hérlendis eða erlendis. Pabbi hefur þjálfað mig nokkrum sinnum og ég hef fengið mörg góð ráð frá honum. Hann var samt stundum aðeins meiri þjálfari en pabbi þegar ég var yngri, þá var alltaf gott að hafa mömmu til að kvarta yfir honum.“

## Leiðist aldrei

Í maí útskrifast hún frá Flensborgarskóla í Hafnarfirði og segist hafa stundað námið af kappi. „Síðustu mánuðir hafa verið annasamir því að fyrir utan að vera nemandi og æfa fótbolta tók ég að mér tímavinnu sem persónuleg aðstoðarmanneskja langveikra systra. Ég finn mér alltaf eitthvað að gera og læt mér sjaldan leiðast. Ég fylgist einnig mikið með handbolta og núna upp á síðkastið hef ég einnig fylgst mikið með körfuboltanum.

Aðspurð hvaða þættir skipti mestu máli utan vallar til að ná árangri segir hún skipta miklu máli að hafa skýr og raunsæ markmið og hafa hugarfarið alltaf rétt stillt. „Einnig skiptir mataræði, svefn og styrkur miklu máli. Ef ég á að gefa ungum fótboltastelpum góð ráð mundi ég segja að mikilvægast sé að mæta á allar æfingar. Svo skiptir miklu máli að æfa aukalega og gera alltaf sitt besta. Síðan má alls ekki gefast upp þegar mótlæti kemur upp.“

## Spurt og svarað

*Hver er uppáhaldsæfingin þín?*

Skotæfing.

*Hvernig er dæmigerð helgi hjá þér?*

Hún inniheldur fótboltaæfingu á laugardagsmorgni. Svo horfi ég oft á Brynjar, kærasta minn, eða systur mína spila fótbolta. Laugardagskvöld er næstum eina kvöldið sem öll fjölskyldan nær að borða saman svo að þá reynum við að borða eitthvað gott. Ef það eru ekki æfingar eða leikir á sunnudögum fer ég í hot jóga með mömmu og ef Liverpool er að spila þá er alltaf svaka stemning heima.

*Færðu sumarfrí í sumar?*

Ef Steini þjálfari gefur okkur helgarfrí þá skelli ég mér örugglega bara í sveitina á Flúðum.

*Hvert stefnir þú eftir að fótboltaferlinum lýkur?*

Vonandi mun ég starfa við eitthvað sem mér finnst ótrúlega skemmtilegt.

*Hvað færðu þér í morgunmat?*

Upp á síðkastið er ég hrifin af hreinni AB-mjólk með höfrum og ávöxtum.



Alexandra heldur á Íslandsmeistarabikarnum í lok síðasta tímabils. MYND/EVA BJÖRG



Alexandra með foreldrum sínum sem hafa stutt hana vel frá upphafi.

*Hvað finnst þér gott að fá þér í kvöldmat?*

Gott kjöt eða sushi.

*Hvað finnst þér gott að fá þér í millimál?*

Þá vel ég helst hrökkkex með rjómaosti og sultu.

*Hver er erfiðasti mótherjinn?*

Það er erfitt að velja bara eina svo að ég verð að segja pass.

*Hvernig kemur þú þér í gírinn fyrir leik?*

Ég fer út að labba og hlusta svo á einhver geggjuð lög í bílnum á leiðinni í leik.

*Ertu morgunhani eða finnst þér gott að sofa út?*

Ætli ég sé ekki svona mitt á milli.

*Ertu nammigrís?*

Mér finnst ís vera afskaplega góður.



Alexandra Jóhannsdóttir fagnar hér einu marka sinna síðasta sumar. MYND/BREIÐABLIK

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Benedikt Bóas Hinriksson** benediktboas@frettabladid.is s. 550 5725 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,



# Myglusveppir

MÁNUDAGUR 13. MAÍ 2019

Kynningar: Lagnafóðrun, Mannvit




Starfsmenn Lagnafóðrunar hafa reynslu til að takast á við fjölbreytt verkefni, m.a. ástandsskoðun og að mynda lagnir vegna gruns um óæskileg meindýr. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Sérhæfðir í ástandsskoðun og alls kyns viðgerðum

Við fáum reglulega beiðnir um ástandsskoðun og að mynda lagnir vegna gruns um myglu í húsum og vegna óæskilegra meindýra í og við hús, segir Svanbjörg Vilbergsdóttir, pípulagningameistari hjá Lagnafóðrun. Það er mikilvægt að vanda vel til verka í upphafi við allar lagnir og vatnsfrágang í og við hús. →2

Framhald af forsíðu ➪

Mygla myndast þar sem er of mikill raki og skortur á loftun eða öndun. Þar sem pípulagnir leka, eins og vatnslagnir og skólplagnir, þar sem lélegur frágangur var á niðurföllum og flætt hefur upp úr þeim eða lélegt dren er í kringum hús.

Þakleki er algeng orsök en slíkum leka getur verið erfitt að átta sig á. Vatn getur lekið í gegnum þakklæðningu inn á þakdúk eða þakplast og runnið eftir því og niður í veggi þar sem mygla byrjar að myndast við „réttar“ aðstæður. Óútskýrðar bólgur í veggjum má oft rekja til leka frá þaki en ekki útveggjum en hér þarf að fá fagmenn til að skoða aðstæður og nýta tækni eins og hitamyndavélar og rakamæla til að greina stöðuna. Stíflaðar rennur geta valdið því að regnvatn eða snjóbráð rennur frá þakrennu og inn undir þakklæðningu og niður í loft eða veggi. Leki meðfram gluggum, sprungur og brotnar lagnir, sérstaklega í frárennsli og skólplögnum undir og í gólfplötum eru einnig algengar orsakir.

## Rottur valda óhug

Rottugangur í og við heimili fólks veldur flestum óhug en rottur lifa í skólpkerfum borgarinnar og eru skilgreindar sem meindýr. Svokallaðar brúnrottur geta orðið töluvert stórar, 20 -25 cm langar á búkinn með 15 cm skott. Rottur geta bitið frá sér ef þeim er ógnað eins og dæmin sína síðustu misseri en þær geta borið með sér ýmsa sýkla sem geta valdið alvarlegum sýkingum í mönnum. Rottur komast í flestum tilfellum inn í mannabústaði um skólplagnir, brotnar lagnir eða þar sem samskeyti lagna hafa dregist í sundur. Gömul niðurföll mynda kjöraðstæður fyrir rottur að komast upp á yfirborðið. Oft geta framkvæmdir í nágrenni valdið rottugangi.

Skólpmaur eða húsamaur eru litlar svartar pöddur sem lifa í holrúmum undir gólfplötum húsa og inni í löskuðum skólplögnum þar sem eru kjöraðstæður, hiti og raki. Á ákveðnum tíma árs fara þessi kvikindi af stað og þá verður fólk vart við þau. Þetta eru hvimleið meindýr sem geta borið með sér sýkla en eru annars frekar meinlaus.

## Gamlar steinlagnir

Hús sem eru byggð fyrir 1980 eru komin á tíma varðandi frárennslislagnir. Í flestum tilfellum eru steinlagnir undir húsum frá þessum tíma en meðal líftími á steinlögnum er 40 til 50 ár. Það er mikilvægt að bregðast við áður en það verður of seint. Það getur verið stórmál að skipta út gömlum frárennslislögnum sem felur í sér niðurbrot og mikið rask fyrir húseigendur og jafnvel fjarveru frá heimilum í nokkrar vikur ef svo ber undir.

## Í upphafi skal endinn skoða

Lagnafóðrun sérhæfir sig í ástandsskoðun á frárennslislögnum fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir.

„Við höfum yfir að ráða fullkomnustu röramyndavél sem er í boði á markaðinum í dag sem er með staðsetningarbúnaði og dýptarmæli og er notuð til að staðsetja lagnir og einnig bilanir í fráveitukerfum.

Með hverri ástandsskoðun frá okkur getur fylgt ítarlegt mat þar sem fram kemur ástand lagna og okkar greining á því hvort úrbóta sé þörf. Ef á þarf að halda leggjum við fram tillögur að úrbótum með fóðrun eða hefðbundnum aðferðum, allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Hver ástandsskoðun frá okkur er gerð og yfirfarin af löggiltum pípulagningameistara.



Þegar leysa þarf úr óvæntum vandamálum eru starfsmenn Lagnafóðrunar snöggir að mæta á staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Starfsmenn eru búnir réttum tækjum og tólum.



Farið yfir stöðu mála áður en byrjað er á verkefnum dagsins.

Þeir sem eru að endurnýja eldhús og baðherbergi ættu að láta mynda hjá sér lagnirnar áður en hafist er handa. Við komum alltof oft að húsum þar sem búið er að endurnýja baðherbergi og ástand lagna hefur ekki verið kannað áður. Í mörgum tilfellum þarf að brjóta allt upp aftur.

Í þessum tilfellum hefði mátt koma í veg fyrir fjárhagstjón og ómæld óþægindi með því að mynda lagnir áður en hafist var handa við endurnýjun.

Þeir sem hyggja á fasteignakaup ættu alltaf að láta mynda lagnir áður en gengið er frá kaupum á fasteign.

Við erum með lausnina þegar kemur að viðgerðum á skólp- og frárennslislögnum.

> Áður en verkið hefst upplýsum við alla íbúa um hvað sé í vændum og förum yfir tímasetningar og verkferla, gerð er verkáætlun í samráði við íbúa.

Fóðrun lagna er varanleg lausn þegar kemur að viðhaldi og endurnýjun fráveitulagna með lágmarks raski fyrir húseigendur. Öll okkar fóðringarefni eru vottuð til allt að 50 ára. Og við bjóðum 5 ára verkábyrgð á fóðringarvinnu.

Áður en verkið hefst upplýsum við alla íbúa um hvað sé í vændum og förum yfir tímasetningar og verkferla, gerð er verkáætlun í samráði við íbúa. Við leggjum mikla áherslu á góða upplýsingamiðlun til húseigenda meðan á verkinu stendur.

Þegar komið er á verkstað er það okkar fyrsta verk að leggja hlífðarteppi á gólf áður en byrjað er að koma inn með verkfæri. Við hyljum alla viðkvæma hluti með hlífðarplasti áður en verkið hefst.

Áður en sjálf fóðringarvinnan hefst þurfum við að hreinsa lagnirnar.

Það fer þannig fram að við myndum allar lagnir og metum hvað hreinsunaraðferð þarf að beita á hverjum stað fyrir sig, t.d. háþrýstiþvotti eða öðrum aðferðum. Þessi vinna fer fram frá hreinsibrunnum, klósettum og niðurföllum, allt eftir aðstæðum á hverjum stað fyrir sig.

Nú fóðrum við gömlu lagnirnar að inna með 3-7 mm epoxy-sokk, allt eftir aðstæðum hverju sinni. Við getum fóðrað lagnir frá 50 mm og upp úr.

Við blásum sokk inn í lagnirnar, fóðringarefnið þrýstist út í gömlu lögnina og myndar þannig nýja lögn innan í gamla rörinu. Eftir að fóðringin er komin á réttan stað tekur hún u.þ.b. 1 til 4 klukkustundir að harðna. Næsta skref er að við sendum inn róbót til að opna fyrir allar hliðarlagnir sem tengjast inn á viðkomandi lögn. Nú er komin 100% þétt og sjálfberandi lögn.“

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

# Fasteignablaðið

19. TBL. MÁNUDAGUR 13. MAÍ 2019

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



heimili fasteignasala

á traustum grunni

Bogi Molby Pétursson löggiltur fasteignasali. • Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA



## Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð



**Ingólfur Geir Gissurarson**
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
**896 5222**



**Heiðar Friðjónsson**
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
**693 3356**



**Herdís Valb. Hölludóttir**
Lögfræðingur
og löggiltur fasteignasali
**694 6166**



**Úlfar F. Jóhannsson**
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.



**Margrét Sigurgeirsdóttir**
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
**588 4477**



**Pétur Steinar Jóhannsson**
Aðstoðarm. fasteignasala Snæfellsnesi
**893 4718**



**Anna F. Gunnarsdóttir.**
Lita og innanhús Stílisti.
Löggiltur fasteignasali
**892 8778**



**Sturla Pétursson**
Löggiltur fasteignasali
**899 9083**



**Snorri Snorrason**
Löggiltur Fasteignasali.
Útibú Höfn í Hornafirði.
**895-2115**

Framúrskarandi fyrirtæki 2015-2016

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðan 1995

*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*

Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is


# Endurgert hús í Vesturbænum

Kjöreign fasteignasala Ármúla 21, s: 533-4040, kynnir Þrastargötu 1, 107, Rvík. Glæsilegt og nýlega endurbyggt eldra einbýlishús úr timbri sem er kjallari, hæð og rishæð. Stærð 106,3 fm + 8,0 fm geymsla, samtals 114,3 fm.

Húsið stendur á hornlóð sem er um 125 fm að stærð. Lóðin er að mestu afgirt með stórri timburverönd og hellulögn við inngang. Frábær staðsetning.

ATH. Húsið er timburhús byggt 1905 og stóð við Barónsstíg 28, 101 Reykjavík. Árið 2015 var húsið flutt og sett á nýjan steyptan kjallara við Þrastargötu 1, þá var allt endurnýjað nema burðarbitar. Kjallari og stigahús er steypt.

Á fyrsta palli er anddyri og gestasnyrting og gengið upp í stofu og eldhús. Þaðan er gengið upp í ris sem er innréttað sem setustofa/baðstofa. Í kjallara er eitt gott svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymsla. Á millipalli í stigahúsi er aðstaða fyrir skrifborð og tölvu. Góð útigeymsla er undir útitröppum baka til við húsið.



**Fallegt gamalt og endurgert hús er til sölu á Þrastargötu.**

Húsið var allt endurnýjað að innan á mjög vandaðan hátt árið 2015. Allt rafmagn og vatnslagnir endurnýjaðar, varmaskiptir á neysluvatni. Gólfhiti með stýrikerfi. Sérsmíðaður stigi á milli hæða. Innréttingar og skápar eru frá Alno, vönduð gólfefni, þ.e. parket og flísar. Siemens-tæki í eldhúsi. Afhending eignar getur verið fljótlega.

Ath. Upplýsingar og tíma í að skoða gefa sölumenn Kjöreignar í síma 533-4040 eða kjoreign@kjoreign.is


**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

EINAR PÁLL KJÆRNESTED LÖGG. FASTEIGNASALI



**Svanþór Einarsson**
Lögg. Fasteignasali • S: 698-8555



**Sigurður Gunnarsson**
Lögg. Fasteignasali • S: 899-1987

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081 • WWW.FASTMOS.IS

## Klapparhlíð 20, íbúð 304 - 270 Mosfellsbær






**Opið hús í dag mánudag frá kl. 18:00 til 18:30**

4-5 herbergja endaíbúð með sér inngangi, bílskúr og fallegu útsýni. Eignin er skráð 141,4 m2. Þar af íbúð 105,9 m2, geymsla 7,6 m2 og bílskúr 27,9 m2. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, þrjú svefnherbergi(fjögur á teikningu), baðherbergi og þvottahús. Sérgeymsla í sameign. **V. 56,9 m.**

## Leirvogstunga 17 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús í dag mánudag frá kl. 18:00 til 18:30**

Mjög fallegt 200 m2 einbýlishús á einni hæð innst í botnlanga á fallegum útsýnisstað. Eignin skiptist í hjónaherbergi með fataherbergi, svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, sjónvarpshol, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr. Stórir gluggar með glæsilegu útsýni og mikil lofthæð sem gerir eignina bjarta og skemmtilega. Fallegar innréttingar og gólfefni. Stórt steypt og hellulagt bílastæði og viðhaldslítil lóð með hellulagðri verönd. **V. 89,0 m.**

## Jörfagrund 36 - 116 Kjalarnes




**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

Falleg og björt 90,4 m2, 3ja herbergja íbúð með sérinngangi á jarðhæð í fjórbýlishúsi við Jörfagrund 36 á Kjalarnesi. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, geymslu, eldhús og stofu. Afgirt timburverönd í suðurátt með fallegu útsýni. **V. 33,6 m.**

## Vogatunga - 270 Mos.




Falleg og vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum með bílskúr í byggingu.

Tilbúið til innréttinga. - Fallegt útsýni.

Á jarðhæð er forstofa, bílskúr, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi, og geymsla.

Á efri hæðinni er hjónaherbergi, baðherbergi, eldhús, stofa og svalir. Afhending 1. júní 2019.

**Vogatunga 79 - 229,9 m2. = V. 64,9 m.**

**Vogatunga 81 - 226,9 m2 = V. 63,9 m.**

**Vogatunga 83 - 226,9 m2 = V. 63,9 m.**

**Vogatunga 85 - 230,7 m2 = V. 64,9 m.**

## Laufengi 11, íbúð 303 - 112 Rvk.




**Opið hús miðvikudaginn 15. maí frá kl. 17:00 til 17:30**

Laufengi 11, íbúð 303 - 112 Reykjavík 103,6 m2, 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð. Eignin skiptist í skiptist í forstofu, stofu, eldhús, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Sérgeymsla í sameign. Búið er að útbúa fjórða svefnherbergið með léttum vegg í stofu. **V. 41,9 m.**

## Hulduhlíð 36 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

Falleg 94,4 m2, 4ra herbergja íbúð með sérinngangi á jarðhæð í fjórbýlishúsi. Eignin skiptist í stofu, eldhús, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymslu. Við hlið inngangs í íbúðina er sérgeymsla. Góð staðsetning, ekki þarf að fara yfir götu til að komast í skóla, leikskóla, sundlaug og líkamsrækt. **V. 44,8 m.**

## Tröllateigur 41 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús þriðjudaginn 14. maí frá kl. 17:00 til 17:30**

150 m2, 5 herbergja íbúð með sérinngangi á 2. hæð í fjórbýlishúsi. Eignin skiptist í stofu, sjónvarpshol, eldhús, fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús og geymsluloft. Góð staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ, stutt er í alla þjónustu. **V. 59,5 m.**

## Ásland 1 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús þriðjudaginn 14. maí frá kl. 18:00 til 18:30**

Fallegt 209,1 m2 einbýlishús með góðu útsýni. Eignin skráð íbúð 152,5 m2 og bílskúr 56,6 m2, samtals 209,1 m2. Eignin skiptist í anddyri, stofu, borðstofu, eldhús, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og líkamsræktarherbergi. Bílskúr og geymsla eru frístandandi frá húsi. **V. 85,0 m.**

## Stóriteigur 18 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús þriðjudaginn 14. maí frá kl. 18:00 til 18:30**

Fallegt og vel skipulagt 181,3 m2 endaraðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Timburverönd og garður í suður. Eignin skiptist í: Neðri hæð: forstofu, gestasnyrtingu, eldhús, stofu og borðstofu. Efri hæð: fjögur svefnherbergi, hol, baðherbergi og þvottahús. Góð staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ. Stutt í miðbæ Mosellsbæjar, skóla og íþróttasvæði að Varmá. **V. 70,9 m.**

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá
# - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**

**Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is**
**Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali**
**Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali**

*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

Framúrskarandi fyrirtæki 2014 – 2017


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is


Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is


Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

**Strikið – Sjálandi Garðabæ / Naustavör – Bryggjuhverfið Kópavogi. Nýjar og glæsilegar íbúðir til sölu. Leitið upplýsinga á skrifstofu.**

## *Grænamýri – Seltjarnarnesi. Glæsilegt parhús.*



- Stórglæsilegt 354,2 fm. parhús á þremur hæðum (tengihús) á nýlega endurnýjaðri lóð.
- Húsið hefur verið mjög mikið endurnýjað nýlega, m.a. eldhúsinnrétting og tæki, bæði baðherbergi og gestasalerni, rafmagnstafla og neysluvatnslagnir. Gólfhiti er í flísalögðum rýmum. Parket á gólfum hússins er allt gegnheilt stafaparket úr eik.
- **Samliggjandi rúmgóðar og bjartar parketlagðar stofur með nýjum glæsilegum arni eftir Jón Eldon. Eldhúsið er rúmgott og með fallegum hvítum sérsmíðuðum innréttingum með korean á borðum. Stórt sjónvarpshol. Hjónaherbergi með útgengi á svalir. Fjögur önnur rúmgóð herbergi. Verulega vandað hús á frábærum stað á Seltjarnarnesi.**

## *Krókabyggð – Mosfellsbæ. Frábær staðsetning.*



- 225,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er 6 herbergja með þremur svefnherbergjum og þremur stofum auk stúdíóíbúðar í bakhúsi. Arinn í einni stofunni.
- Húsið lítur vel út að utan og hefur fengið gott viðhald í gegnum árin. Garðurinn er sérstaklega glæsilegur með hellulagðri verönd á baklóð til suðurs með útgengi frá stórum sólskála. Heitur pottur og tjörn eru í bakgarði.
- Arkitekt hússins er Albína Thordarson. Sannkölluð sveit í borg Mosfellsbæ.

Staðsetningin er frábær með gönguleiðin að Varmá, Reykjalundi, Helgafelli, Hafravatni og öðrum náttúruperlum. Barnvæn staðsetning þar sem stutt er í leikskóla og grunnskóla.

**Verð 89,9 millj.**

## *Álfhólsvegur 119 – Kópavogi. Efri sérhæð ásamt bílskúr.*




Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 17.15 – 17.45

- Vel skipulögð 6 herbergja 155,7 fm. efri sérhæð í þríbýlishúsi auk 22,5 fm. bílskúr, við Álfhólsveg. Glæsilegt útsýni til vesturs og norðurs.
- Húsið er klætt á austur og suðurhlið og nýlega hafa verið gerðar múrviðgerðir á norðurhlið hússins. Gluggar voru málaðir árið 2018. Nýlegt harðparket er á aðalrýmum hæðarinnar.
- Hæðin er með stórum gluggum sem hleypa inn góðri birtu.
- Stofa sem rúmar vel setu- og borðstofu með gluggum til suðurs, vesturs og norðurs og útgengi á svalir til suðurs. 5 svefnherbergi.

**Verð 61,9 millj.**

## *Funalind 11 - Kópavogi. 4ra herbergja íbúð með stórum suðursvölum.*




Eignin verður til sýnis í dag, mánudag frá kl. 17.15– 17.45

- Virkilega falleg og björt 112,1 fm. íbúð á 2. hæð með stórum og skjólsælum svölum til suðurs á þessum eftirsótta stað.
- Eignin er þó nokkuð endurnýjuð hið innra nýlega, m.a. allar innihurðir, innrétting og tæki í eldhúsi, fataskápar o.fl.
- Rúmgott sjónvarpshol. 3 svefnherbergi sem eru öll með nýlegum fataskápum. Rúmgóð stofa. Eldhús með nýlegum innréttingum.
- Eign sem er virkilega björt með gluggum til suðurs, vesturs og norðurs.

**Verð 53,9 millj.**

## *Lindargata 39. 2ja herbergja glæsileg íbúð.*




Eignin verður til sýnis miðvikudag, frá kl. 17.15 – 17.45

- Nýleg og glæsileg 87,0 fm. íbúð á 1. hæð með rúmgóðum suðursvölum við Lindargötu. Sér bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.
- Allar innréttingar og innihurðir eru úr hvíttaðri eik og vönduð tæki eru í baðherbergi og í eldhúsi.
- Stofa með gólfsíðum gluggum og útgengi á svalir. Opið eldhús við stofu, gluggar á þrjá vegu. Stórt svefnherbergi með fataskápum á heilum vegg.

**Íbúðin er laus til afhendingar fljótlega.**

**Verð 49,9 millj.**

## *Langalína – Sjálandi Garðabæ. Glæsileg 4ra herbergja íbúð á efstu hæð.*



- Virkilega glæsileg og vönduð 151,1 fm. íbúð á 3. hæð með tvennum svölum til suðurs og norðausturs, að meðtalinni 10,6 fm. sér geymslu. Sér stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.
- Aukin lofthæð er í stofu og gólfsíðir gluggar.
- Húsið er byggt árið 2016 og flutt var inn í íbúðina og lögð á hana gólfefni í ágúst 2017.
- Eignin skiptist í anddyri, eldhús, stofu, borðstofu, baðherbergi, þvottahús, 2 barnaherbergi, stórt hjónaherbergi með fataherbergi, sjónvarpsrými, tvennar svalir til suðurs og norðausturs.

**Verð 89,9 millj.**

## *Naustavör nr. 28 – 34. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.*



- Naustavör 28-34 er 4ra hæða fjölbýlishús með lyftu við Naustavör í Kópavogi staðsett örstutt frá smábátahöfninni, með glæsilegu sjávarútsýni úr flestum íbúðunum.
- Íbúðirnar eru frá 91,6 til 169,5 fm, 3ja og 4ra herbergja og ein 2ja herbergja íbúð.
- Allar innréttingar er sérsmíðar af Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðin skilast með flísum á gólfi á baði og þvottaherbergi.
- Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgja flestum íbúðum.

## *Mýrargata 27 og 29. Tvær íbúðir í nýbyggingu. Til afhendingar strax.*



- Mjög fallegar 120,1 fm. 3ja - 4ra herbergja íbúðir í húsunum nr. 27 og 29 við Mýrargötu. Sameiginlegur inngangur er með jarðhæð hússins.
- Íbúðirnar eru á tveimur hæðum og eru með tvennum svölum til suðurs.
- Aukin lofthæð er í hluta íbúðanna. Þrefalt gler og aukin hljóðeinangrun.
- Virkilega björt og falleg 3ja - 4ra herbergja íbúð á tveimur hæðum með tvennum suðursvölum á frábærum stað í miðborginni.
- Íbúðirnar eru lausar til afhendingar við kaupsamning.

**Staðsetningin er á eftirsóttum stað við Grandagarðinn, sem hefur verið í mikilli uppbyggingu og iðar af mannlífi með verslunum, veitingastöðum og annarri þjónustu.** **Verð 63,9 millj.**

## *Sólvallagata. 4ra herbergja íbúð.*



- Falleg og mikið endurnýjuð 100,6 fm. íbúð á 3. hæð með suðursvölum í góðu steinsteyptu húsi við Sólvallagötu 74.
- Baðherbergi var endurnýjað að öllu leyti fyrir nokkrum mánuðum á afar smekklegan máta. Auk þess var skipt um gólfefni íbúðar og íbúðin máluð að mestum hluta.
- Samliggjandi skiptanlegar stofur.
- Talsvert viðhald var framkvæmt á húsinu árið 2016 og nýlega er búið að skipta um þak á húsinu. Þá var einnig skipt um þakrennur, niðurföll og gafl klæddur.

**Verð 49,5 millj.**

## *Kjartansgata 3. Góð 3ja herbergja íbúð með sérinngangi.*



- Góð 79,7 fm. íbúð í kjallara í fjórbýlishúsi við Kjartansgötu.
- Íbúðin er björt þar sem stærstu rýmin eru með góðum gluggum til suðurs. Tvö herbergi. Björt og rúmgóð stofa.
- **Lóðin er nýlega tekin í gegn með hellulagðri stétt og verönd fyrir framan hús til suðurs og nýlega steyptum útitröppum. Falleg íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Stutt er í alla verslun og þjónustu.**

**Verð 34,9 millj.**

# EIGNAMIÐLUN

## SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957


**Sverrir Kristinsson** Löggiltur fasteignasali


**Kjartan Hallgeirsson** Löggiltur fasteignasali s. 824 9093


**Guðmundur Sigurjónsson** Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali


**Guðlaugur I. Guðlaugsson** Löggiltur fasteignasali s. 864 5464


**Þórarinn M. Friðgeirsson** Löggiltur fasteignasali, sölustjóri s. 899 1882


**Magnea S. Sverrisdóttir** MBA, löggiltur fasteignasali s. 861 8511


**Hilmar Þór Hafsteinsson** Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari s. 824 9098


**Brynjar Þ. Sumarliðason** BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasali s. 896 1168


**Daði Hafþórsson** Löggiltur fasteignasali s. 824 9096

## SÓLVALLAGATA 7A
## 101 REYKJAVÍK


BÓKIÐ SKOÐUN




196,3 fm einstaklega fallegt og vel við haldið parhús á þremur hæðum auk háalofts við eina fallegustu götu Reykjavíkur. Í húsinu eru alls fimm svefnherbergi, þrjár stofur með góðri lofthæð og tvö baðherbergi. Úr stofu er gengið út á rúmgóðar viðarsvalir og þaðan er gengið niður stiga í stóran og skjólgóðan suðurgarð, sem er umkringdur fallegum trjám. Garðurinn er að hluta hellulagður og í honum er viðarhús með rafmagni þar sem m.a. er ísskápur og frystir. Garðurinn er upplýstur með sjálfvirkum ljósum. **V. 99,9 m**
**Nánari uppl. Hrafnhildur Björk Baldursdóttir lg.fs. 862 1110, hrafnhildur@eignamidlun.is**

## FOSSAGATA 14
## 101 REYKJAVÍK


BÓKIÐ SKOÐUN




Ugluhús í Litla Skerjafirði. Einstakt sjarmarandi bárujárnshús ásamt bílskúr á mjög stórri hornlóð. Eignin skiptist í: forstofu/hol, 4 svefnherbergi, tvær stofur, eldhús, tvö baðherb. þvottahús og geymslu. Á lóð er bílskúr og tvö gróður hús. Um er að ræða timburhús á steyptum kjallara byggt árið 1931. Heildarstærð eignar er um 150 fm. **V. 86,9 m**
**Nánari uppl. Kjartan Hallgeirsson lg.fs. 824 9093, kjartan@eignamidlun.is**

## MÁNATÚN 3
## 105 REYKJAVÍK


OPIÐ HÚS



Stórglæsileg og vönduð 5 herbergja 198,3 fm íbúð á 6. hæð (efstu) við Mánatún. Íbúðinni fylgja tvö stæði í bílageymslu. Sér inngangur er af flísalögðum svölum, aðeins tvær íbúðir á gangi. Húsið er á vinsælum stað miðsvæðis í Reykjavík, aðkoman góð og útsýni. Húsvörður. **V. 99,5 m**
**Opið hús mánudaginn 13. maí milli kl. 17:00 og kl. 17:30**
**Nánari uppl. Brynjar Þór Sumarliðason lg.fs. s. 896 1168, brynjar@eignamidlun.is**

## KÓPAVOGSBRAUT 18
## 200 KÓPAVOGUR


OPIÐ HÚS



Nýjar og glæsilegar sér hæðir til sölu á frábærum útsýnisstað. 2 íbúðir eftir. Sér inngangur, Brúnás innréttingar, bæði baðkar og sturta, þrjú svefnherbergi og mikið útsýni. Næg bílastæði við húsið og sameiginleg hjóla og vagnageymsla. Sér afnotareitur á neðri hæðum og stórar svalir á efri hæðum. Mjög stutt er í leikskóla og skóla sem og út í fallega náttúru.
***Afhending er við kaupsamning.***

**Byggingaraðili er:** INGVAR & KRISTJÁN ehf.

**Hafdís** fasteignasali 820 2222

## Hrauntunga 9 200 Kópavogi Tilboð



**HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKOÐUN S. 820-2222**

**Herbergi:** 7 **Stærð:** 206,5 m²

Glæsilegt og þó nokkuð mikið endurnýjað einbýlishús á tveimur hæðum fyrir ofan götu við Hrauntungu í suðurhlíðum Kópavogs. Stórir gólfsíðir gluggar, fallegt útsýni, stór stofa, hátt til lofts, gólfefni er glæsilegt blágrýti, fallegur arinn, glæsilega endurnýjað baðherbergi, aukaíbúð í bílskúr og útleiguherbergi er meðal þess sem einkenna þessa fallegu eign. Góðar leigutekjur. Glæsilegt fjölskylduhús.

**Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm:** 820 2222

## Miðleiti 1 103 Reykjavík 49.900.000



**OPIÐ HÚS mánudaginn 13. maí kl. 18.30-19.00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 126,6 m²

Falleg og mjög rúmgóð 3.herb.íbúð á þriðju hæð og stæði í lokaðri bílageymslu í góðu lyftuhúsi á þessum eftirsótta stað í borginni. Eignin er skráð 126,6fm og þar af er stæði í bílageymslu skráð 24,9fm. Eldhús og stofa samliggjandi, tvö rúmgóð svefnherbergi og þvottahús innan íbúðar. Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu. **Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm:** 820 2222

## Gvendargeisli 140 113 Reykjavík 79.900.000



**SELD**

**Herbergi:** 4-5 **Stærð:** ...,9 m²

Glæsilegt, bjart og ... raðhús á einni hæð ásamt bílskúr á mjög fjölskylduvænum stað í Grafarholti. Eignin er skráð skv f.m.r. 168,9fm og þarf af er bílskúr 28,6fm. Mikil lofthæð, mjög stór aflokuð verönd, fataherbergi innaf hjónaherbergi og 3-4 svefnherbergi eru meðal þess sem einkenna þetta fallega hús.
**Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm:** 820 2222

## Kleppsvegur 28, *íb. 203* 105 Rvk 42.900.000



**OPIÐ HÚS mánudaginn 13. maí kl. 17:30-18:00**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 96,5 m²

LAUS VIÐ KAUPSAMNING: RÚMGÓÐ OG VEL SKIPULÖGÐ 4RA HERBERGJA ÍBÚÐ Á 2. HÆÐ. BAKHLIÐ HÚSSINS aKLÆDD AÐ UTAN. Íbúðin skiptist í rúmgott hol, eldhús og stofu með útgengi út á svalir og svefnherbergisálmu með 3 svefnherbergjum og baðherbergi m/baðkari. Parket á gólfum nema í eldhúsi og á baðherbergi. 4,4 fm. sérgeymsla í kjallara. **Upplýsingar veitir Jóhanna Kristín fasteignasali í gsm:** 837 8889

## Laufengi 112 112 Reykjavík 41.600.000



**OPIÐ HÚS miðvikudaginn 15. maí kl. 18:30 - 19:00**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 107 m²

Glæsileg 4ra herbergja endaíbúð á annarri hæð við Laufengi 112 í Reykjavík. Afar vel skipulögð og björt íbúð með sérinngangi af svölum og glugga á þrenna vegu á góðum stað í Grafarvogi. Gæludýrahald er leyft í húsinu.
**Upplýsingar veitir Hrönn fasteignasali í gsm:** 692 3344

## Garðatorg 4c 210 Garðabæ 58.900.000



**OPIÐ HÚS miðvikudaginn 15. maí kl. 17:30 - 18:00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 108 m²

3ja herbergja íbúð á annarri hæð, merkt 0204, auk stæði í lokaðri bílageymslu. Alls er eignin 108fm, þar af er geymsla í sameign 7,4fm. Svalir sem fylgja íbúðinni eru 8,5fm og snúa í norð-austur. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi m/þvottaherb., eldhúsi, borðstofu og stofu ásamt tveimur svefnherbergjum.
**Upplýsingar veitir Hrönn fasteignasali í gsm:** 692 3344

# RÍKISKAUP

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.is

Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið fasteignir@rikiskaup.is

## Hjarðartún 7
## 355 ÓLAFSVÍK



Vel skipulögð 4 herbergja íbúð á góðum útsýnisstað í Ólafsvík. Íbúðin sem er á annarri hæð er skráð alls 119,1 fm með sameign. Húsið er byggt árið 1959, klætt að utan með steni og stutt er í alla þjónustu. **Verð: 9 millj.**

## Laugarásvegur 31, 104 Reykjavík
## OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG, KL 12-12.45




Fallegt tveggja hæða einbýlishús á einstökum stað í Reykjavík. Eignin sem er samtals 355 fm skiptist í tvær hæðir og bílskúr. Húsið sem er byggt árið 1960, er tvílyft, með sérsmíðuðum innréttingum og góðu útsýni. Byjrða hefur verið að innrétta íbúð á neðri hæðinni en framkvæmdum er ólokið. Staðsetning eignar er mjög góð og eftirsótt en húsið þarfnast viðhalds og endurbóta. **Verð: 116 millj.**

## Miðgarðar 1
## 611 GRÍMSEY




Um er að ræða 132,8 fm einbýlishús sem er fyrrum prestbústaður. Húsið stendur á fallegum stað við aðalgötuna í Grímsey og rétt utan við Miðgarðakirkju og er á sér afmarkaðri 2.124 fm. leigulóð. Á lóðinni stendur einnig óskráð lítil garðgeymsla og matjurtagarður sem fylgja eigninni. **Verð: 4,5 millj.**

**Nánari upplýsingar um ofangreindar eignir má finna á fasteignavef MBL**

# FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

## BÁSBRYGGJA 13
## OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 14. MAÍ KL. 16:30








Björt og falleg fjögurra herbergja íbúð við Básbryggju 13 í Bryggjuhverfinu við Gullinbrú. Íbúðin er 108,8 fm og geymsla 7,3 fm samtals 116,1 fm. Íbúðin er á annarri hæð og snýr að stórum hluta út í fallegan skrúðgarð. Húsið er byggt 1999 og hefur nýlega verið talsvert endurbætt.

Nánari lýsing: Komið er inn í forstofu/sjónvarpshol og þar er fataskápur upp í loft. Eldhúsið er með fallegri innréttingu, eyju og fínu skápaplássi. Stofa og borðstofa í opnu og björtu rými og úr henni er útgengt út á 10,3 fm svalir. Hjónaherbergi með stórum fataskápum. Barnaherbergin bæði með fataskápum. Baðherbergið er flísalagt, lítil innrétting og hornbaðkar með sturtuaðstöðu. Sér geymsla/þvottahús er innan íbúðar. Þetta er björt og skemmtileg íbúð á góðum stað í Bryggjuhverfinu. Á gólfum eru ljósar flísar en í svefnherbergjum er linoleum dúkur. Á jarðhæð er geymsla sem fylgir íbúðinni og þar er einnig hjóla og vagnageymsla í sameign.

**Nánari upplýsingar veitir Hafsteinn Þorvaldsson, viðskiptafræðingur og löggiltur fasteigna,- og skipasali s. 891-8891, hafsteinn@fasteignasalan.is**

**Fasteignasalan Bær | Ögurhvarfi 6 Kópavogi | Austurvegi 26 Selfossi**

# Löggiltur fasteignasali.

Berg fasteignasala óskar eftir að ráð löggiltan fasteignasala til sölustarfa.

Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund, frumkvæði og hæfni í samskiptum við viðskiptavini. Geta unnið undir álagi, góða tölvufærni og reglusemi. Góð vinnuaðstaða.

**Umsóknarfrestur er til 20. 5. nk.**

**Umsóknir óskast sendar á petur@berg.is**

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 • GSM 897 0047 • berg@berg.is • www.berg.is

# ÁSBYRGI ehf

Sími 568 2444

Ingileifur Einarsson, Lögg. fasteignasali.
ÁBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík
Ingileifur Einarsson - Löggiltur fasteignasali.

## BUÐGULÆKUR 2, efri sérhæð og bílskúr
**OPIÐ HÚS mánud. 13. maí kl. 17:15 - 17:45**




Til sölu 5-6 herb. 125 vel skipulögð efri sérhæð í fimm íbúða húsi, ásamt 33 fm bílskúr. Íbúðin skiptist m.a. í 4 svefnherbergi á sérgangi, mjög stórt eldhús og stóra og bjarta stofu. Tvennar svalir. Í kjallara er sérgeymsla og sameiginlegt þvottaherbergi. Mjög góður bílskúr. Frábær staðsetning rétt við Sundlaugarnar. Laus starx. **Verð: 67 millj.**



## GLÆSILEGT NÝTT ATVINNUHÚSNÆÐI VIÐ LAMBHAGAVEG 13 Í REYKJAVÍK

**Eitt bil eftir – frábær staðsetning – góð fjárfesting.**
Einingin skilast fullbúin á byggingastigi 7.
Allar einingar á götuhæð – fallegt útsýni til vesturs.

**Aðeins 1 bil eftir:**
**214 fm á 61,9 millj.**



**Sigurður Samúelsson, löggiltur fasteignasali sigurdur@landmark.is / gsm 896 2312**

# LANDMARK
FASTEIGNASALA

SÍMI 512 4900 - HLÍÐARSMÁRI 2 - LANDMARK.IS




Einar Ragnarsson hjá Mannviti og Jóhanna Þorbjörg Magnúsdóttir hundaþjálfari binda miklar vonir við Hanz, verðandi meistara í mygluleit. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gjörbylting í mygluleit

**Einar Ragnarsson hjá Mannviti og Jóhanna Þorbjörg Magnúsdóttir hundaþjálfari binda miklar vonir við schäfer-hundinn Hanz, verðandi meistara í mygluleit. Hanz er að ljúka sérhæfðri þjálfun.**

Jóhanna Þorbjörg Magnúsdóttir er sérfræðingur í hundaþjálfun og eigandi Allir hundar ehf. Hún hefur undanfarið ár þjálfað hundinn Hanz í leit að myglu. Þjálfunin er samstarfsverkefni verkfræðistofunnar Mannvits hf. og Allir hundar ehf.

„Þjálfunin hefur gengið mjög vel. Hundurinn er mjög traustur, hann svíkur mig aldrei. Ef eitthvað klikkar þá er það mér að kenna," segir Jóhanna hlæjandi. „Ég er rosalega spennt að byrja að starfa með honum við þetta."

Verkefnið á sér tveggja ára aðdraganda. Einar Ragnarsson, sviðsstjóri mannvirkja og umhverfis hjá Mannviti, hafði samband við Jóhönnu og óskaði eftir því að hún þjálfaði hund í mygluleit. „Upprunalega var hugmyndin að þjálfa tvo hunda. En við ákváðum að bíða aðeins með það og byrja á einum. En markmiðið er að þeir verði tveir. Því hundar geta forfallast eins og við. Þeir geta fengið kvef og annað og þá er gott að hafa afleysingu," segir Einar.

## Áratuga reynsla

„Þetta er aðferð sem hefur verið notuð áratugum saman víða erlendis og gefið góða raun. Við höfum verið í samstarfi við þýsk samtök eigenda slíkra hunda og kynnt okkur málið. Notkun mygluhunda er viðurkennd af umhverfisstofnun Þýskalands sem aðferð til að leita að leyndri myglu," segir Einar.

„Eftir að við komumst í samband við Jóhönnu fengum við hana til þess að fara út til Kölnar til að kynna sér þjálfun og notkun á slíkum hundum," bætir hann við.

Jóhanna hefur einnig setið námskeið vegum Frontex, landamæragæslu Evrópusambandsins. „Þar lærði ég að kenna hundum efnaleit, sprengjuleit og fíkniefnaleit. Ég byggði svo ofan á það í þjálfuninni."

Einar vonast til þess að notkun mygluhunda muni gera alla vinnu við mygluleit skilvirkari. „Maðurinn er takmarkaður af því að hann leitar að sýnilegum ummerkjum um myglu. Hann leitar oftast að rakaskemmdum eða rakablettum sem geta verið vísbending um að þar gæti leynst mygla," segir Einar. „Notkun hunda er skilvirkari. Þegar hundurinn kemur inn í rými sýnir hann kannski bara einum vegg af fjórum einhvern áhuga. Þá getum við einbeitt okkur að þeim eina vegg og útilokað hina."

> „Þetta er aðferð sem hefur verið notuð áratugum saman víða erlendis og gefið góða raun. Notkun mygluhunda er viðurkennd af Umhverfisstofnun Þýskalands sem aðferð til að leita að leyndri myglu.
>
> Einar Ragnarsson, hjá Mannviti

Einar segir engin tæki til sem hægt er að reiða sig á til að greina myglu. „Þú getur fengið svörun á myglu í nánast öllum húsum. Sérstaklega ef þú reynir að greina hana að sumri til við opinn glugga. Þú getur á engan hátt einangrað það hvaðan myglugróin koma."

## Varla kynnst betri hundi

Hundurinn Hanz hefur verið í þjálfun hjá Jóhönnu allt síðasta ár og er að verða tilbúinn að hefja vinnu sem mygluhundur. Jóhanna segir að mygluhundar geti verið af ýmsum tegundum, en þeir þurfa að búa yfir ákveðnum eiginleikum og hafa þol til að sinna verkinu.

„Honum er í rauninni kennt gegnum leik. Hann fær verðlaun og þetta er allt mjög jákvætt. Það er ekki hægt að þvinga hund til að nota nefið. Þetta þarf að vera skemmtilegt fyrir hann. Það er mikilvægt að hann upplifi jákvæðar tilfinningar gagnvart verkefninu," segir Jóhanna og bætir við: „Þetta er eiginlega það skemmtilegasta sem hann veit. Einu skiptin sem hann er ósáttur við mig er þegar við þurfum að hætta."

Jóhanna segir að allt líf Hanz, umhirða og meðhöndlun snúist um leitina. En hann þarf ekki að kvarta undan því. „Hann býr hjá mér og er bara heimilishundur, hann er ofsalega prúður og ljúfur og í miklu uppáhaldi hjá börnunum mínum. Hann er sennilega með betri hundum sem ég hef kynnst í minni hundaþjálfunartíð.

Það er mjög sérhæft hvernig ég skilyrði hann á lyktina. Við erum í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri og fáum send sýni frá þeim.

Hanz var keyptur af Gråmanns ræktun, þaulreyndum hundaræktendum í Svíþjóð. Þau hafa ræktað hunda í 20-30 ár, eingöngu til vinnu. Hanz var að verða eins árs þegar hann byrjaði í þjálfuninni og er í góðum gír núna," segir Jóhanna.

„Mannvit er þegar orðinn meðlimur í alþjóðasamtökum aðila sem nota mygluhunda. Öll þjálfun á hundinum og allur undirbúningur tekur mið af því hvernig menn gera þetta í Þýskalandi," segir Einar. „Við munum byrja með þessa þjónustu fljótlega, hundurinn er rétt að verða tilbúinn. Við bindum vonir við að þessi nýja aðferð auðveldi mygluleit og komi með nýjan vinkil á þessi mál," segir Einar.

# Inniloft, raki og mygla

**Umhverfisstofnun gaf út bækling með leiðbeiningum um inniloft, raka og myglu árið 2015. Þar er að finna upplýsingar um hvernig best sé að viðhalda og bæta heilnæmi innilofts og hvernig bregðast skuli við verði inniloft óheilnæmt.**

Oftast er einfalt að viðhalda heilnæmu innilofti í híbýlum. Margt getur þó haft áhrif og mikilvægt er að huga að því hvernig hægt sé að viðhalda heilnæmu innilofti eða bæta það. Þannig má minnka líkur á að inniloft geti haft slæm áhrif á heilsu þeirra sem þar dvelja. Flestir verja megninu af tíma sínum innandyra og eru því gæði innilofts mikilvæg. Úti um allan heim er óheilnæmt inniloft álitið áhættuþáttur fyrir heilsu manna. Sé nægur raki fyrir hendi getur örveruvöxtur innanhúss aukist mikið, s.s. bakteríu- og sveppavöxtur, en sterk fylgni er á milli örverumengunar og öndunarfærasjúkdóma, ofnæmis, astma og viðbragða frá ónæmiskerfinu.

Ákveðnir hópar manna eru útsettari fyrir áhrifum vegna heilsufarsástands eða aldurs. Niðurstöður rannsóknar frá árinu 2006 bentu til þess að á allt að 17-24% heimila á Norðurlöndunum væru merki um raka innanhúss, s.s. vatnsleka eða sýnilega myglu á veggjum, gólfi eða í lofti. Fyrir heimili í Reykjavík var ályktað að algengi vatnsskemmda væri um 20%, blaut gólf og sýnileg mygla um 6% og raki af einhverju tagi um 23%. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að öndunarfærasjúkdómar og astmi væru algengari hjá íbúum í húsum þar sem raki var til staðar.

Leiðbeiningarnar eru byggðar á rannsóknum, leiðbeiningum og upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) og systurstofnunum í Evrópu, Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum.

### Áhrifaþættir fyrir heilnæmi innilofts

1. Tóbaksreykur
   Reykur getur aukið einkenni öndunarfærasjúkdóma (s.s. astma), ert augu og valdið höfuðverk, hósta, særindum í hálsi og lungnakrabbameini. Börn eru sérstaklega viðkvæm fyrir óbeinum reykingum.
2. Ofnæmisvaldar
   Listinn yfir þekkta ofnæmisvalda er langur, en algengir ofnæmisvaldar eru frjókorn, dýrahár, rykmaurar, sveppagróður og matvörur, s.s. hnetur, mjólk og fiskur.
3. Kolmónoxíð (CO) og niturdíoxíð (NO2)
   Á heimilum geta slíkar lofttegundir safnast upp vegna ónógrar loftræsingar við notkun gaseldavéla, gashitara og eldstæða. Í háum styrk getur kolmónoxíð valdið höfuðverk, svima, óráði, ógleði og þreytu og jafnvel verið banvænt.
4. Raki
   Æskilegt er að rakastig innanhúss sé á bilinu 30-60%. Fjölbreyttar tegundir baktería, sveppa og myglu geta vaxið og fjölgað sér innanhúss ef nægur raki er fyrir hendi.
5. Efni
   Efni innanhúss geta verið af ýmsum toga, s.s. hreinsiefni, ilmúðar, áklæði á húsgögnum, byggingarefni, málning, leikföng, raftæki og margt, margt fleira. Viss kemísk efni sem eru notuð í hreinsiefni, gólfefni og í húsgögn geta í háum styrk valdið höfuðverk, ógleði og ertingu í augum, nefi og hálsi.
6. Radon
   Radon er geislavirk lofttegund sem myndast í jarðvegi. Radon hefur verið mælt á Íslandi og í flestum tilfellum mælst langt undir viðmiðunarmörkum.

### Gátlisti – góð ráð fyrir heilnæmt inniloft

1. Lofta út, leyfa gegnumtrekk tvisvar á dag í 10 mínútur í senn.
2. Loftræsa vel þar sem föt eru þurrkuð.
3. Ekki leyfa reykingar innandyra.
4. Þurrka af og þrífa heimilið reglulega (sér í lagi ef gæludýr eru á heimilinu).
5. Fylgjast með merkjum um raka og mygluvöxt.
6. Hreinsa myglu í burtu.
7. Þurrka svæði sem hafa orðið fyrir vatnsleka innan 24-48 klukkustunda til að varna mygluvexti.
8. Gera við vatnsleka.
9. Þvo lök og sængurföt reglulega í heitu vatni (60°C eða hærra).
10. Nota ofnæmisprófaðar rúmdýnur og koddaver.
11. Tryggja meindýravarnir með því að loka fyrir sprungur og rifur og gera við vatnsleka, ekki láta matvæli liggja frammi.
12. Loftræsa eldhús og rými sem í er arineldur eða kamína.
13. Tryggja að arinn eða kamína sé rétt uppsett, notað og viðhaldið.
14. Fylgja leiðbeiningum framleiðanda um rétta notkun hreinsiefna.
15. Tryggja nægt ferskt loft og loftræsingu (opna glugga eða nota viftur) þegar málað er, gerðar endurbætur á húsnæði eða notaðar vörur sem að gætu losað frá sér rokgjörn lífræn efni.
16. Aldrei skal blanda saman efnavörum, s.s. hreinsiefnum, nema leiðbeiningar séu um slíkt á umbúðum.
17. Forðast að kaupa hreinsiefni og aðrar efnavörur sem innihalda mikil ilmefni, eiturefni eða rokgjörn efni.
18. Tryggja að ofnar/hitun húsnæðis sé í lagi.

### Hvernig losna ég við myglu?

Það er ómögulegt að losna við alla myglu og myglugró af heimilinu enda eru þau hluti af náttúrulegu umhverfi okkar. Það er ekki fyrr en myglugró fara að fjölga sér vegna ákjósanlegra aðstæðna sem mygla getur orðið vandamál. Ákjósanlegar aðstæður fyrir myglugró til að fjölga sér eru óeðlilega mikill raki og bleyta vegna raka- eða lekavandamála. Eina leiðin til að losna við myglu vegna slíkra aðstæðna er að fjarlægja orsökina, þ.e. lagfæra rakavandamál og/eða gera við vatnsleka. Meðan orsökin er ekki fjarlægð mun mygla halda áfram að vaxa.



**Þekktasta mygluhúsnæði landsins þar sem allt virðist hafa klikkað sem gat klikkað. Það var ekki bara eitt heldur allt.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





Við hjá Verkís lítum á það sem okkar þjóðfélagslegu ábyrgð að taka forystu í málum sem tengjast óþægindum íbúa innandyra, svo sem myglu. Við höfum að ráða sérfræðingum á öllum fagsviðum verkfræðinnar sem geta greint vanda og komið með tillögur að úrbótum.

Verkís verkfræðistofa | Ofanleiti 2 | 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS VERKFRÆÐISTOFA

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Verð frá 152.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAF T

SPARIBÍLL



2017 Nissan leaf 30 Kw. Ekinn aðeins 17 þús km. Raundrægni um 160 km. Láttu bensin sparnaðinn borga bílinn. Til afhendingar strax. 100% lán mögulegt. Verð: 2.890.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**

Kaupi bíla 25-350þús

**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR



**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

**VAKA**
ALLIR UPP Á DEKK!
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA OG GOTT ÚRVAL DEKKJA
Sími: 567 6700 | vakahf.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

## Varahlutir

LJÓSBOGINN ehf.
**Altenatorar & Startarar**



ljósboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

**PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA**
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Garðyrkja

Almenn garðvinna, ódýr þjónusta. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**BÓKHALD.**
Get tekið að mér bókhald og uppgjör fyrir smærri fyrirtæki, og einstaklinga. Upplýsingar í síma 899-2042

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

HÚSA - VIÐGERÐIR
NÝSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD AÐ UTAN SEM INNAN
* STEYPU/MÚRVIÐGERÐIR
* KLÆÐNINGAR : ÞÖK /VEGGI
* GLUGGAR/GLER
* INNRÉTTINGAR OG FL.

ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA
30 ÁRA REYNSLA

TILBOÐ - TÍMAVINNA

UPPL. S : 8583300
serfagehf@gmail.com

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Húsasmiður með mikla reynslu, getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s.787 7137

# Iðnaðarhúsnæði TIL SÖLU EÐA LEIGU, staðsett á Ásbrú í Reykjanesbæ.

GETUR VERIÐ LAUS FLJÓTLEGA











**Til sölu 600 m2 húsnæði sem skiptist í 400 m2 sal og ca. 200 m2 skrifstofuhúsnæði.**
**Kaupverð 49.900.000 kr**

**Einnig kemur til greina að leigja aðeins salinn sem er 400 m2 með stórri innkeyrsluhurð.**
**Leiguverð 400.000 kr**

**Upplýsingar hjá M2 fasteignasölu**
**421-8787 eða 693-2080**

M2 FASTEIGNASALA

## Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Til bygginga




**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heimilið

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Olíudreifing

**HÁSETI**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða háseta í sumarafleysingar á olíuskipið Keilir.
Almennt gildir að siglt er í tvær vikur og frí í tvær vikur.
Helstu verkefni Keilis er olíuafgreiðsla til skipa á Faxaflóasvæðinu og birgðaflutningur frá Reykjavík.
Starfið stendur báðum kynjum til boða.
**Umsóknir sendist á audunn@odr.is .**
**Nánari upplýsingar veitir:**
**Auðunn Birgisson í síma 550-9928.**

Vanur flakari óskast, trainded filleter needed. Erum í Hafnarfirði. Uppl s:899-8033

---

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsingar um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Kvistaland 26

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 17. apríl 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 2. maí 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis, reitur 1.863.2, vegna lóðarinnar nr. 26 við Kvistaland. Í breytingunni felst að byggingarreit er breytt og hann stækkaður, byggingarmagn er aukið, lóðinni er skipt upp og afmörkuð er sér lóð fyrir spennistöð og almennur göngustígur sem liggur gegnum lóðina að norðanverðu flyst til norðurs vegna viðbyggingar norðan við núverandi hús. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Suðurhlíð 9, Klettaskóli

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 17. apríl 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 2. maí 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suðurhlíða vegna lóðar nr. 9 við Suðurhlíð, Klettaskóla. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir fjórar færanlegar kennslustofur austan við skólann ásamt tengibyggingu og byggingarmagn aukið sem því nemur. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Laugavegur 20B

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 17. apríl 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 2. maí 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.5, Laugavegs- og Skólavörðustígsreitir, vegna lóðarinnar nr. 20B við Laugaveg. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar, að reisa einnar hæðar viðbyggingu á bakhlið hússins með þaksvölum og gera inndregna þakhæð, tengibyggingu á millibyggingu milli hornhúss og risshúss, með kvisti til suðurs úr mænisþaki sem veitir aðgang að þaksvölum sem verða yfir endahúsinu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Elliðabraut 4-22

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 17. apríl 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 2. maí 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðanna nr. 4-22 við Elliðabraut. Í breytingunni felst að stækka afmörkun deiliskipulags að Breiðholtsbrautinni að núverandi göngustíg frá undirgöngum úr Víðidal að Björnslundi og að hringtorgi við Þingtorg, gera hljóðmön og göngu- og hjólastíg milli Breiðholtsbrautar og Elliðabrautar 4-22, fjölga íbúðum við Elliðabraut 12-22. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Háskóli Íslands

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 17. apríl 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 2. maí 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, austan Suðurgötu, vegna lóðanna nr. 41-43 við Suðurgötu og 29 og 31 við Hringbraut. Í breytingunni felst að fjölga stúdentaíbúðum á háskólasvæðinu með stækkun á Gamla Garði með viðbyggingu og hugsanlegri nýtingu Stapa sem stúdentaíbúða. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 13. maí 2019 til og með 24. júní 2019**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is*****, skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 24. júní 2019. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 13. maí 2019
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is





sínum gegn Brighton í gær. Manchester varði titil sinn. NORDICPHOTOS/GETTY

# eistaratitilinn

lið myndi standa uppi sem enskur meistari en Liver-
y þýðir að bikarinn verður áfram í Manchester-borg.

leiktíð og Liverpool 89 en næsta lið þar á eftir í markaskorun er Arsenal sem skoraði 73 mörk í deildinni í vetur. Því er ljóst að þessi lið sköruðu fram úr og önnur lið þurfa að spýta verulega í lófana í sumar ætli þau að veita þeim samkeppni á næsta keppnistímabili.

Staða mála hvað varðar þau lið sem berjast um að komast í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð breyttist ekki í lokaumferðinni en markalaust jafntefli Chelsea gegn Leicester City kom ekki að sök og liðið hafnaði í þriðja sæti þar sem Tottenham Hotspur gerði sömuleiðis jafntefli á móti Gylfa Þór Sigurðssyni og félögum hans hjá Everton. Tottenham Hotspur hafnaði í fjórða sæti deildarinnar.

Stoðsending Gylfa Þórs í þeim leik var sú sjötta í deildinni á leiktíðinni en auk þess að leggja upp þau mörk fyrir félaga sína skoraði hann sjálfur 13 mörk. Chelsea hafði fyrir lokaumferðina tryggt sér sæti í Meistaradeild Evrópu.

Sigur Arsenal gegn Jóhanni Berg Guðmundssyni og samherjum hans hjá Burnley dugði ekki til þess að koma liðinu upp í þriðja eða fjórða sætið og þarf Arsenal þar af leiðandi að hafa betur þegar liðið mætir Chelsea í úrslitaleik Evrópudeildarinnar til þess að næla sér í fimmta og síðasta sætið sem England getur fengið í Meistaradeildinni á næstu leiktíð. Jóhann Berg lagði líkt og Gylfi Þór upp mark í tapinu gegn Arsenal og þeir félagarnir gáfu því upp jafn margar stoðsendingar á samherja sína eða sex talsins.

Ófarir Manchester United héldu svo áfram en liðið laut í lægra haldi fyrir föllnu liði Cardiff City í leik liðanna á Old Trafford. Aron Einar Gunnarsson fékk því góðan endi á farsælum ferli sínum hjá velska liðinu en hann er á leið til Heimis Hallgrímssonar og lærisveina hans hjá katarska liðinu Al Arabi á næstu leiktíð. Aron Einar stýrði víkingaklappi með stuðningsmönnum Cardiff City eftir leikinn og kvaddi þá með viðeigandi hætti.

Það er hins vegar ljóst að það er mikil vinna fram undan hjá Ole Gunnar Solskjær hjá Manchester United við það að búa til lið sem getur farið í hæstu hæðir á nýjan leik. Liðið hafnaði í sjötta sæti deildarinnar og leikur þar af leiðandi í Evrópudeildinni á næsta keppnistímabili.

Það getur haft áhrif á sumarkaup félagsins að liðið leiki ekki í Meistaradeildinni en djúpir vasar liðsins munu þó líklega verða til þess að félagið geti áfram fengið til sín frambærilega leikmenn. Líklegt er að hreinsun muni fara fram í leikmannahópnum á næstu vikum en nú þegar hefur verið tilkynnt um að Ander Herrera og Antonio Valencia muni hverfa á braut í sumar. Ole Gunnar hefur gefið það út að hann muni breyta um stefnu í félagaskiptum sínum og líklegt að horfið verði frá því að fá til sín rándýra leikmenn sem hafa litlu skilað fyrir liðið undanfarnar leiktíðir og horft til þess að fá frekar unga og upprennandi leikmenn.

**hjorvaro@frettabladid.is**

# Nálgast sitt fyrra form

**Dagný Brynjarsdóttir lék í gær sinn fyrsta heila leik í eitt og hálft ár en hún skoraði eitt marka Portland Thorns í 3-1 sigri liðsins gegn Orlando Pride.**

**FÓTBOLTI** Dagný Brynjarsdóttir gekk á nýjan leik til liðs við bandaríska knattspyrnuliðið Portland Thorns í byrjun febrúar síðastliðins. Dagný hafði ekkert spilað í tæpt eitt og hálft ár þegar hún hélt til Bandaríkjanna en hún hafði glímt við meiðsli og þar á eftir eignast barn.

Það var því langþráð endurkoma þegar hún kom inn á sem varamaður í fyrstu umferð bandarísku NWSL-deildinni. Eftir það lék hún tvo leiki þar sem hún kom annars vegar inn á sem varamaður og var hins vegar skipt af velli eftir að hafa hafið leikinn. Leikurinn um helgina er sá fyrsti sem hún spilar frá upphafi til enda en hún skoraði eitt marka liðsins í 3-1 sigri gegn Orlando Pride.

Portland Thorns er eftir þennan sigur í fjórða sæti deildarinnar með átta stig eftir fjóra leiki en fjögur efstu lið deildarkeppninnar fara í úrslitakeppni eftir að deildarkeppninni lýkur.

Síðast þegar Dagný spilaði með Portland Thorns varð liðið bandarískur meistari, árið 2017, en það var fyrsti meistaratitill Dagnýjar sem atvinnumanns í Bandaríkjunum. Hún varð áður háskólameistari með Florida State háskólanum árið 2015.



„Það er algjörlega frábær tilfinning að vera komin í það gott líkamlegt form að geta spilað heilan leik og það er líka geggjað að vera búin að skora mitt fyrsta mark í mjög langan tíma. Ég myndi segja að ég væri komin í svona 85% form og það vantar mjög lítið upp á til þess að ég verði komin í mitt besta form,“ segir Dagný um leikinn um helgina.

„Minn helsti styrkur sem íþróttamanns var líkamlegur styrkur og úthald og það er því mikilvægt fyrir mig að komast aftur á þann stað að geta hlaupið fram og til baka allan leikinn og látið til mín taka í návígjum. Þessa stundina þarf ég svolítið að velja hlaupin og vera klók og ég hlakka til að komast í mitt besta form á næstunni. Ég hef svo sem ekki sett mér neinn tímaramma í þeim efnum en ég finn verulegan mun á mér á svona tveggja vikna fresti. Mér finnst líklegt að ég verði komin í mitt besta form í landsleikjaglugganum í byrjun júní,“ segir landsliðssóknartengiliðurinn enn fremur.

„Við erum klárlega með lið sem getur farið alla leið og unnið titilinn eins og síðast þegar ég var hérna. Við erum reyndar með þó nokkuð marga landsliðsmenn sem verða í burtu á meðan á heimsmeistaramótinu stendur í sumar og það mun reyna verulega á okkur á þeim tímapunkti. Við erum með flesta landsliðsmenn að ég held þannig að þetta bitnar mest á okkur en ég held að við sjáum með nógu mikla breidd til þess að takast á við það,“ segir hún um framhaldið hjá Portland Thorns.

„Ég er svo mjög spennt fyrir því að koma til móts við landsliðið í byrjun júní og spila æfingaleikina þar. Það var mjög gott fyrir mig að fá nokkrar mínútur í leikjunum í Algarve og kynnast Jóni Þóri. Ég er mjög spennt fyrir því að vinna með honum og hefja undankeppnina næsta haust. Ég held að það sé mjög hollt fyrir liðið og þá kannski sérstaklega fyrir mig að fá nýtt blóð í brúna.

Freyr [Alexandersson] hefði pottþétt náð áfram góðum árangri með liðið, það er ekki það. Hann er hins vegar einn af þremur íslensku meistaraflokksþjálfurunum sem hafa þjálfað mig og mér finnst spennandi að fá nýjar áherslur og aðra rödd,“ segir hún um komandi verkefni með landsliðinu. **– hó**

> **Það er algjörlega frábær tilfinning að vera komin í það gott líkamlegt form að geta spilað heilan leik.**



Hilmar Örn Jónsson fór með sigur af hólmi á ACC-mótinu.

# Hilmar Örn vann sterkt mót í Bandaríkjunum

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Hilmar Örn Jónsson, nýbakaður Íslandsmethafi í sleggjukasti, varð um helgina ACC-svæðismeistari í Bandaríkjunum. Hilmar Örn stundar nám og keppir fyrir University of Virginia. Hann hefur átt frábært keppnistímabil og í lok apríl bætti hann ellefu ára gamalt Íslandsmet í sleggjukasti.

Hilmar átti flotta kastseríu í gær og átti fjögur köst yfir 72 metra. Það lengsta var 72,84 metrar. Hilmar varð ACC-svæðismeistari fjórða árið í röð og varð sá fyrsti í sögu svæðisins til að vera svæðismeistari í sleggjukasti öll fjögur keppnisárin sín. Aðeins hefur einum öðrum tekist það í öðrum greinum.

Íþróttamálum í Bandaríkjunum er þannig háttað að landinu er skipt upp í svæði. Skóli Hilmars er hluti af Atlantic Coast Conference sem samanstendur af 15 sterkum skólum. Með góðum árangri þar komast einstaklingar í fjórðungsundankeppni þar sem 64 bestu úr hverri grein keppa um að komast í lokameistaramótið. Tólf efstu úr fjórðungsundankeppninni komast á það mót þar sem sigurvegari mótsins verður bandarískur meistari.

Hilmar er því kominn áfram í fjórðungsundankeppnina. Ef vel tekst til hjá honum þar mun hann keppa á lokameistaramótinu sem fer fram í byrjun júní. Til að eiga möguleika á titli þarf heimsklassa árangur.

Íslandsmet Hilmars er 75,26 metrar og sem stendur er hann í þrettánda sæti heimslistans árið 2019. Þetta er besta tímabil Hilmars Arnar frá upphafi og því verður spennandi að fylgjast með honum á komandi vikum. **– hó**

# Kristján varð Íslandsmeistari

**SNÓKER** Kristján Helgason varð um helgina Íslandsmeistari í snóker í 14. skipti þegar hann lagði Jón Inga Ægisson 9-2 í úrslitaleik en mótið var haldið á Billiardbarnum.

Kristján komst alla leið í undanúrslit á HM áhugamanna í Möltu á síðasta ári og er fremsti snókerspilari landsins.

Er hann auk þess eini íslenski spilarinn sem komist hefur í 64 manna úrslitin á HM atvinnumanna í Sheffield.

Jón Ingi komst í 2-1 í úrslitaleiknum en eftir það vann Kristján átta ramma í röð og tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í 14. skipti á ferlinum. **– hó**

# Sverrir Ingi vann tvöfalt

**FÓTBOLTI** Sverrir Ingi Ingason, landsliðsmaður í knattspyrnu, og samherjar hans hjá gríska liðinu PAOK tryggðu sér á laugardaginn gríska bikarmeistaratitilinn í fótbolta með 1-0-sigri gegn AEK í úrslitaleik keppninnar.

Liðið tryggði sér gríska meistaratitilinn á dögunum og er því tvöfaldur grískur meistari. Sverrir Ingi kom til PAOK frá Rostov í Rússlandi á miðju keppnistímabili í Grikklandi í lok júní í fyrra.

Hann var á varamannabekknum fram í uppbótartíma leiksins en þá kom hann inn á og hjálpaði PAOK að sigla sigrinum í höfn.

Sverrir Ingi lék fjóra leiki í bikarnum en hann náði ekki að brjóta sér leið inn í byrjunarliðið á nýliðinni leiktíð og lék aðeins einn deildarleik með liðinu. **– hó**

## Merkisatburðir

**1846** Bandaríkin lýsa yfir stríði gegn Mexíkó sem lauk með sigri þeirra fyrrnefndu í febrúar 1848. Með sigrinum fengu Bandaríkin óskoruð umráð yfir Texas og tóku yfir Kaliforníu, Nevada og Utah auk hluta fleiri fylkja.

**1888** Þrælahald er lagt af með lögum í Brasilíu.

**1894** Ásgeir Ásgeirsson, annar forseti lýðveldisins, fæddist á þessum degi í Kóranesi á Mýrum. Hann var forseti frá 1952 til 1968.

**1947** Alþingi samþykkir lög sem færa **Sauðárkróki** kaupstaðarréttindi.



**1961** Bandaríski körfuknattleiksmaðurinn **Dennis Rodman** fæddist á þessum degi. Hann varð fimm sinnum NBA-meistari með Detroit Pistons og Chicago Bulls.



**1981** Jóhannesi Páli páfa öðrum, er sýnt banatilræði á Péturstorginu í Róm. Mehmet Ali Agca hæfði páfann fjórum skotum en páfinn lifði árásina af.

**1995** Hin breska Alison Hargreaves verður fyrsta konan til að komast á topp Everestfjalls án súrefniskúts og aðstoðar Sjerpa.

**2011** Tvær sprengjur springa í Charsadda-héraði í Pakistan með þeim afleiðingum að 98 láta lífið og 140 særast.



Sesselja Traustadóttir, framkvæmdastýra Hjólafærni, vonast eftir góðri þátttöku í hjólaleiðsögn um borgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hjólað um strandlengju borgarinnar í kvöld

**Listasafn Reykjavíkur, Landssamtök hjólreiðamanna og Hjólafærni standa í dag fyrir hjólaleiðsögn um strandlengjuna í höfuðborginni. Þessir aðilar ætla að hafa með sér samstarf um eina hjólaleiðsögn í mánuði í sumar og verður riðið á vaðið í kvöld.**

Þetta verður þá fyrsta kvöldið í sumar. Við leggjum af stað frá Hlemmi klukkan 18 og hjólum að Höfða og förum þaðan niður að sjó. Svo tökum við strandlengjuna að höfninni og alveg út á Granda og endum út við Þúfu," segir Sesselja Traustadóttir, framkvæmdastýra Hjólafærni og einn skipuleggjendanna.

Sesselja segir að þetta sé verkefni sem hafi verið að þroskast en Árni Davíðsson, formaður Landssamtaka hjólreiðamanna, hefur leitt hjólaferðir á veturna á laugardögum í mörg ár.

„Við vildum fá aðeins meira líf í þetta og fórum að leita að samstarfsaðilum. Okkur datt í hug að gera eitthvað á fullveldisafmælinu 1. desember," segir Sesselja.

Hugmynd hafi kviknað um að skoða listaverkin í borginni og í kjölfarið var haft samband við Listasafn Reykjavíkur sem tók vel í hugmyndina.

„Við hjóluðum um bæinn í nístingskulda með risastóran hóp, á okkar mælikvarða, og skoðuðum helstu þjóðfrelsishetjurnar."

Önnur ferð var svo skipulögð á Barnamenningarhátíð í vetur þegar til stóð að hjóla um Breiðholtið.

**Þetta er hentugur tími því Hjólað í vinnuna var að hefjast og margir að koma sér af stað. Á Hlemmi er síðan þessi fíni hjólastandur þar sem þú getur pumpað í dekkin og dyttað aðeins að hjólinu.**

„Þá fengum við aftur skelfilegt veður og það varð lítið úr þessu. Nú er hins vegar góð spá og við vonumst eftir góðri mætingu. Þetta er hentugur tími því Hjólað í vinnuna var að hefjast og margir að koma sér af stað. Á Hlemmi er síðan þessi fíni hjólastandur þar sem þú getur pumpað í dekkin og dyttað aðeins að hjólinu áður en lagt er af stað," segir Sesselja.

Markús Þór Andrésson, deildarstjóri sýninga og miðlunar hjá listasafninu, verður með í för og mun miðla af fróðleik sínum um listaverk borgarinnar.

„Þetta er líka ein leið til að fatta hvað það er sumt sem hentar sérlega vel að gera á hjóli. Það er ekki hægt að gera þetta á bíl og tæki rosalega langan tíma gangandi."

Hjólafærni er fræðasetur um samgönguhjólreiðar og en hugmyndin var fyrst kynnt á Íslandi árið 2007.

„Við erum með mörg verkefni í gangi sem snúa að því að stuðla að og hvetja til aukinna samgönguhjólreiða. Við gefum líka út íslenska hjólreiðakortið og erum með vefsíðu tileinkaða almenningssamgöngum," segir Sesselja.

Þegar blaðamaður ræddi við Sesselju var hún í óðaönn að standsetja vinnustofu þar sem hælisleitendum er boðið að koma og gera upp hjólin sín.

Þar að auki stendur Hjólafærni fyrir verkefninu Hjólað óháð aldri þar sem komið er með farþegahjól fyrir íbúa á hjúkrunarheimilum.

„Svo vinnum við með hjólavottun vinnustaða en það er í tengslum við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um að gera betur og hvetja fólk til þess að velja annað en einkabílinn til að ferðast." sighvatur@frettabladid.is




✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hreinn Bjarnason**
kaupmaður,
Laugarnesvegi 87, Reykjavík,

lést á Landakoti miðvikudaginn 1. maí.
Útför hans fer fram frá Áskirkju,
miðvikudaginn 15. maí klukkan 13.
Blóm vinsamlega afþökkuð.

**Anna B. Agnarsdóttir**
**Lilja Hreinsdóttir** **Guðlaugur Þór Þórarinsson**
**Björk Hreinsdóttir** **Björn G. Aðalsteinsson**
**Þóranna Hrönn, Gunnar Már, Elín Margrét,**
**Anna María og Bjarki Valdimar**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir,
stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Reimar Charlesson**
framkvæmdastjóri,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í
Hafnarfirði föstudaginn 10. maí.
Útför hans verður auglýst síðar.

**Björg Hjálmarsdóttir**
**Heiða Reimarsdóttir** **Magnús Karlsson**
**Kristín Helga Reimarsdóttir**
**Linda Reimarsdóttir**
**Sigurlína Halldórsdóttir**
**Sigrún Bergsdóttir** **Tony Arcone**
**Óskar Bergsson** **Jóhanna Björnsdóttir**
**Lára Gyða Bergsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Þuríður R.H. Sigfúsdóttir Halldórs**

lést miðvikudaginn 8. maí
á hjúkrunar- og dvalarheimilinu
Hjallatúni, Vík í Mýrdal.

**Jóhannes St. Brandsson**
**Sigfús Jóhannesson** **Theresa A. O'Brien**
**Guðrún Jóhannesdóttir** **Þ. Daði Halldórsson**
**Stefán H. Jóhannesson** **Árný Lúthersdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elsku móðir okkar, stjúpmóðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Einarsdóttir**
áður til heimilis að Flókagötu 1,
Reykjavík,

lést miðvikudaginn 1. maí á
hjúkrunarheimilinu Hrafnistu, Reykjavík.
Hún verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju,
þriðjudaginn 14. maí klukkan 13.00.

**Fríða Bjarnadóttir** **Tómas Zoëga**
**Anton Bjarnason** **Fanney Hauksdóttir**
**Bjarni Bjarnason** **Kristín Jónsdóttir**
**stjúpbörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
geiri
www.geiriehf.is
Kælar
99.000.+vsk
Kælar
99.000.+vsk
99.000.+vsk
2 stærðir
SD 801 - 800 ltr B.1000 mm
199.000.+vsk
SD 1001 - 1000 ltr B.1130 mm
229.000.+vsk
Kælar
69.000.+vsk
139.000.+vsk
179.000.+vsk
SD 419 H: 1980 B: 575 D: 605 - 338L
Kæling 4/-210°C - 5 hillur - Læsing - LED
SD 429 H: 1993 B: 577 D: 576 - 360 L
Kæling 0°/+10°C - 5 hillur - Læsing - LED
SD 416 H: 1980 B: 606 D: 575 - 338 L
Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing
SD 1001 og SD 801 H: 2020 B: 1000/1130 D: 70/22
Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing
RTC 79 St (hxbxd) 960 x425
x380mm Kæling +2/+12°C
RTC 236 St (hxbxd) 1695 x515
x485mm Kæling +2/+12°C
RTC 286 St (hxbxd) 1895 x515
x485mm Kæling +2/+12°C
SD 400 Stærð (hxbxd)
905x1225x650mm Kæling -12/ -24°C
119.000.+vsk
Frystar
Kisturnar koma ómerktar
79.000.+vsk
99.000.+vsk
SD 155 Stærð (hxbxd)
922x564x695mm Kæling -12/ -24°C
SD 305 Stærð (hxbxd)
905x950x695mm Kæling -12/ -22°C
scan domestic
Kæli & frystitæki
Frystar
2 stærðir
189.000.+vsk
XS 801 Stærð (HxBxD)
840x2000x757mm
Kæling -12/ -24°C
Kisturnar koma ómerktar
169.000.+vsk
XS 601 Stærð (bxhxd)
1475x837x757mm Kæling -12/ -24°C
VESTFROST HOUSEHOLD
Kælir
199.000.+vsk
119.000.+vsk
Frystir
Kælir
199.000.+vsk
269.000.+vsk
FKG 371 - Display kælir H: 185 B: 595
D: 595 - 650 lítra - Kæling -16°/ - 25°C - Lás
NFG 309 - Display frystir H: 185 B: 595 D: 595
- 650 lítra - Kæling -16°/ - 25°C - Lás
OFC 200 HxBxD. 1250x1000x560
Kæling 2/12°C
OFC 220 HxBxD. 1750x495x600
Kæling 2/12°C
Kælar h:85 cm
79.000.+vsk
99.000.+vsk
119.000.+vsk
SC 139 St. (hxbxd) 865 x 555
x 520 mm Kæling +2/ +10°C
SC 209 St. (hxbxd) 865 x 865 x
520mm Kæling +2/ +10°C
SC 309 St. (hxbxd) 865x1350x520mm
Kæling +2/ +10°C
Kælar
79.000.+vsk
49.000.+vsk
39.000.+vsk
SC 81 St. (hxbxd) 940x460x460mm
Kæling +2/ +10°C
DKS 122 St. (hxbxd) 850x500
x510mm Kæling +2/ +10°C
DKS 61 St. (hxbxd) 510x480
x470mm Kæling +2/ +10°C
VESTFROST
Vínkælar
98.900.+vsk
158.000.+vsk
169.000.+vsk
89.000.+vsk
WFG 45 - Stærð (hxbxd) 820 x595 x573
(+5 - +10 /+10 - +18°C)
WFG 155 - St. (hxbxd)
1550 x 595 x610 (+5 - +22°C)
WFG 185 - St. (hxbxd)
1850x595 x596 mm (+2 - +10°C)
RTW 100 Kæling +2/+12°C - Innbyggð lýsing -
Stærð b:682 d:450 h:675
Minibar
Verð frá kr. (2 stærðir)
29.000.+vsk
79.000.+vsk
69.000.+vsk
MB35 og MB 45 - St. (hxbxd) 485/560 x 385/400 x
485/425. Engin pressa, minni titringur - Hljóðlaus.
SD 76 Stærð (hxbxd)
675x595x520mm
Kæling -9/ -24°C
SD 46 Stærð (hxbxd)
500x570x510mm
Kæling -9/ -20°C
Kælir
248.000.+vsk
299.000.+vsk
3 stærðir
39.000.+vsk
119.000.+vsk
OFC 230 HxBxD. 1520x600x890
Kæling 2/12°C
OFC 380 380 litra kælir - H:1523 mm B:
1000 mm D: 890 mm - LED / Rustfrítt stál
TK 41 - Utanmál: (HXD)
735 x 445. 40 ltr.
RTW 160 Kæling +2/+12°C - Innbyggð
lýsing - Stærð b:874 d:568 h:686
Hita skápar
Pizzaskápur
99.000.+vsk
99.000.+vsk
SVS 145 Stærð (hxbxd) 785x645x487 mm
Hitun : 30-90°C - Góð ljós
SVS 100 Stærð (hxbxd) 785x448x460 mm
Hitun: 30-90°C - Góð ljós.
VERSLUNARTÆKNI
geiri
Velkomin
í sýningarsalinn
Draghálsi 4
VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
geiri
www.geiriehf.is
STÓRELDHÚS
Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is
TAKTIK 5332 #

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

- Reykjavík: 9 °C | 9 ↑
- Ísafjörður: 2 °C | 5 ↖
- Akureyri: 7 °C | 2 ↖
- Egilsstaðir: 8 °C | 3 ↘
- Kirkjubæjarkl: 7 °C | 8 ↖
- Hveravellir: 4 °C | 8 ↑

Vaxandi austanátt, 10-18 m/s og rigning sunnan til á landinu í kvöld, hvassast við suðurströndina. Hægari vindur og þurrt norðan heiða. Hiti 3 til 9 stig. Suðaustan 8-15 og rigning í fyrramálið, einkum S- og V-lands. Sunnan 5-13 og úrkomulítið seinni partinn á morgun. Hiti 7 til 14 stig, hlýjast á N-landi.

## Þriðjudagur

- Reykjavík: 12 °C | 8 ↖
- Ísafjörður: 9 °C | 4 ↖
- Akureyri: 14 °C | 1 ↑
- Egilsstaðir: 14 °C | 4 ↖
- Kirkjubæjarkl: 9 °C | 6 ↙
- Hveravellir: 7 °C | 9 ↑

## Miðvikudagur

- Reykjavík: 10 °C | 7 ↖
- Ísafjörður: 7 °C | 3 ↖
- Akureyri: 10 °C | 2 ↑
- Egilsstaðir: 12 °C | 5 ↑
- Kirkjubæjarkl: 9 °C | 6 ↖
- Hveravellir: 7 °C | 10 ↑

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 7 | 9 | 8 | | | 2 | 6 |
| 6 | | 9 | 5 | | | | 4 | |
| 8 | | 2 | 7 | 6 | | 5 | | |
| | | | | | 9 | | 3 | 8 |
| 2 | 6 | | | | 1 | | 7 | 4 |
| 3 | | 4 | | | 6 | | | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | | | 5 | 7 | 6 | |
| | 5 | | 2 | | | 3 | 1 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | | 9 | | 4 | | | |
| 3 | | | 2 | | 6 | 8 | | 4 |
| | | 9 | | | | | 5 | |
| 8 | 9 | 3 | | 6 | | | | |
| | 4 | | | | 5 | | | |
| | | | 4 | 2 | | | 6 | |
| | | | | | 1 | | | 6 |
| 1 | 5 | | 3 | | | | | |
| | 3 | | | 8 | 9 | 5 | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 8 | | 2 | |
| 1 | | | | | | | 6 | |
| | | | 1 | | | | | 7 |
| 7 | | | 4 | 6 | | | 9 | 3 |
| 8 | | | | | | | | |
| | 6 | | | 9 | | | | 2 |
| | 1 | 8 | 3 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | | | 5 | |
| | | 3 | | | 1 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. laun
5. samstæða
6. kraðak
8. manga
10. gjaldmiðill
11. maðk
12. óforsjálni
13. tísku
15. sköpun
17. plata

**LÓÐRÉTT**
1. drög
2. brak
3. stjórnpallur
4. titra
7. samhliða
9. afgjald
12. hrekja
14. málmur
16. tveir eins



**LÁRÉTT:** 1. umbun, 5. par, 6. ös, 8. prútta, 10. kr, 11. orm, 12. flas, 13. stæl, 15. tilurð, 17. narra.
**LÓÐRÉTT:** 1. uppkast, 2. marr, 3. brú, 4. nötra, 7. samsíða, 9. tollur, 12. fæla, 14. tin, 16. rr.

## Skák Gunnar Björnsson

Parkkari átti leik gegn Luoma í Finnlandi árið 1990.

**1...Rb3+! 2. cxb3 (2. Dxb3 Da1#). 2...Hc8+ 0-1.**

Jóhann Hjartarson og Hannes Hlífar Stefánsson urðu efstir á afar sterku minningarmóti um Bergvin Oddsson sem fram fór í Vestmannaeyjum á laugardaginn.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 |
| 8 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 3 | 7 | 9 | 4 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 1 | 4 | 7 | 5 | 6 | 8 | 3 | 2 | 9 |
| 9 | 8 | 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 9 | 8 | 2 | 7 | 3 | 6 |
| 7 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 8 | 2 | 1 | 4 | 5 | 3 |
| 8 | 3 | 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 8 |
| 5 | 4 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 | 2 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 5 |
| 2 | 8 | 3 | 5 | 1 | 7 | 9 | 4 | 6 |
| 3 | 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 7 |
| 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 9 |
| 6 | 1 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 1 |
| 8 | 2 | 4 | 1 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 2 | 8 | 5 | 7 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 2 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 1 | 9 | 6 | 4 | 7 | 2 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman












GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS

gjofsemgefur.is

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar



GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Barnaheill

Save the Children á Íslandi

vissir þú að...

börn eiga rétt á aðstoð og hjálp ef þau lenda í ofbeldi


búmenn

Búseturéttir til sölu



## Ferjuvað 7 - Fjölbýli

Til sölu er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Íbúðin er 72,7 fm og fylgir henni stæði í bílakjallara og er lyfta í húsinu.
Ásett verð búseturéttarins er kr.8.500.000,- og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1.maí, er kr.177.604,-
Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og holræsagjöld, rekstur húsfélags, tryggingar, viðhaldssjóður og þjónustugjald.

**Þeir sem hafa áhuga á að skoða ofanverðar eignir og/eða gera tilboð í búseturéttinn, vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Búmanna í síma 552 5644 eða í gegnum netfangið bumenn@bumenn.is. Tilboðsfrestur fyrir ofanverðar eignir rennur út miðvikudaginn 27. maí n.k. kl. 12.00 Tilboðseyðublað er hægt að nálgast á heimasíðu Búmanna; www.bumenn.is**

# TIL SÖLU



**Myndin er af sambærilegu húsi sem nemendur byggðu í fyrra. Áhugasamir kaupendur eru hvattir til að skoða húsið sem til sölu er á auglýstum sýningartímum**

## Tilboð óskast í frístundahús, staðsett við Verkmenntaskólann á Akureyri

Um er að ræða frístundahús úr timbri sem byggt er af nemendum skólans. Húsið er 50 m2 að grunnfleti, í húsinu eru timburgluggar. Lagt er fyrir rafmagni og neysluvatni í húsinu, í raflögn er gert ráð fyrir rafmagnsofnum. Innveggir eru klæddir nótuðum 16mm spónaplötum. Á gólfi eru 22mm nótaðar rakavarðar spónaplötur. Húsið er án endanlegra gólfefna, innréttinga og innihurða. Rafmagn er fullklárað með tilbúinni rafmagnstöflu. Húsið er einangrað með 220mm steinull í gólfi, 150mm steinull í útveggjum og þak er einangrað með 220mm steinull. Gluggar eru allir með tvöföldu TopN+ gleri. Húsið selst í því ástandi sem það er í á tilboðsdegi.

Húsið verður til sýnis eftirfarandi daga; fimmtudaginn 9. maí kl 20-21:30, mánudaginn 13. maí kl. 15-18 og mánudaginn 20. maí kl. 15-17. Húsið stendur á norðurplani við byggingardeild VMA. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu VMA og frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 464 0300, hjá brautarstjóra byggingadeildar í síma 8966731 og Ríkiskaup í síma 530 1400.

Húsið er tilbúið til flutnings og þarf kaupandi að fjarlægja það eigi síðar en 15.ágúst 2019.

Tilboðseyðublöð eru aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is og liggja einnig frammi í afgreiðslu Ríkiskaupa, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík. Gögnin hafa verið aðgengileg á vef Ríkiskaupa frá og með mánudeginum 7. maí.

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum fyrir kl. 10.00 miðvikudaginn 22. maí 2019 þar sem þau verða opnuð í viðurvist viðstaddra bjóðenda er þess óska.

Verkmenntaskólinn á Akureyri áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

búmenn

Búseturéttir til sölu



## Stekkjargata 35 - Parhús

Til sölu er búseturéttur að Stekkjargötu 35 í Njarðvík. Eignin er parhús, 3 herbergja ásamt bílskúr og sólskála. Íbúðin er 104,6 fm að stærð og bílskúrinn 30,1 fm. Samtals 134,7 fm.
Ásett verð búseturéttarins er kr.7.000.000,- og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1.maí, er kr.209.754.
Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og holræsagjöld, rekstur húsfélags, tryggingar, viðhaldssjóður og þjónustugjald.



## Grænlandsleið 47 - Neðri hæð

Til sölu er búseturéttur á Grænlandsleið 47, neðri hæð. Eignin er 3 herbergja ásamt bílskúr. Íbúðin er 94,2 fm að stærð og bílskúrinn 23,5 fm.
Ásett verð búseturéttarins er kr.18.500.000,- og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1.maí, er kr.173.370.
Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og holræsagjöld, rekstur húsfélags, tryggingar, viðhaldssjóður og þjónustugjald.



## Grænlandsleið 49 - Efri hæð

Til sölu er búseturéttur á efri hæð í Grænlandsleið 49 í Reykjavík. Eignin er þriggja herbergja ásamt bílskúr.
Íbúðin er 94.2 fm. að stærð ásasmt 23.5 fm. bílskúr, samtals 117.5 fm.
Ásett verð búseturéttarins er kr. 18.500.000, – og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1. Febrúar s.l. er kr. 184.042, –
Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi íbúðar er afborgun skuldabréfa, fasteigna – og brunatrygging, fasteigna – og holræsagjöld, viðhaldssjóður, þjónustugjald og rekstrarsjóður.



## Víkurbraut 32 - Parhús

Til sölu er búseturéttur að Víkurbraut 32, íb.102 á Höfn. Eignin er í parhúsi og er 2 herbergja, 71,4 fm að stærð.
Ásett verð búseturéttarins er kr.7.700.000,- og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1.maí, er kr.132.282.
Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og holræsagjöld, rekstur húsfélags, tryggingar, viðhaldssjóður og þjónustugjald.

**Þeir sem hafa áhuga á að skoða ofanverðar eignir og/eða gera tilboð í búseturéttinn, vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Búmanna í síma 552 5644 eða í gegnum netfangið bumenn@bumenn.is. Tilboðsfrestur fyrir ofanverðar eignir rennur út miðvikudaginn 27. maí n.k. kl. 12.00 Tilboðseyðublað er hægt að nálgast á heimasíðu Búmanna; www.bumenn.is**

# Samstarf og vinátta

**Hinn frægi tenórsöngvari Paul Phoenix syngur með sönghópnum Spectrum á tónleikum. Tekur upp tvö lög með þeim. Spectrum er á leið til Írlands.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Sönghópurinn Spectrum heldur tónleika í Hafnarborg Hafnarfirði miðvikudaginn 15. maí klukkan 20. Sérstakur gestur á tónleikunum er tenórsöngvarinn Paul Phoenix, sem var um árabil í hinum heimsþekkta sextett The King's Singers.

Ingveldur Ýr Jónsdóttir söngkona stofnaði Spectrum árið 2003 með nemendum sínum og er stjórnandi kórsins. Spectrum hefur starfað sleitulaust síðan, heldur vor- og jólatónleika og kemur fram á Menningarnótt og við önnur tækifæri. Árið 2017 komst Spectrum í úrslit í keppninni Kórar Íslands á Stöð 2. Ingveldur Ýr segir hópinn samanstanda af fólki frá þrítugu upp í sextíu og sex, sem hefur brennandi áhuga á söng og er með mikinn metnað. „Skilyrðin eru að vera með góða rödd og tóneyra, geta sungið utanbókar, þola langar æfingar og kröfur og geta hreyft sig á líflegan hátt. Þetta er ekki kór sem stendur kyrr og syngur með nótur fyrir framan sig.“



„Við erum hópur sem tekur ástfóstri við ákveðin tónskáld og útsetjara,“ segir Ingveldur Ýr Jónsdóttir, stjórnandi Spectrum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



„Þetta er ekki kór sem stendur kyrr og syngur með nótur fyrir framan sig.“

**ÍDAG ER TIL FJÖLBREYTT EFNI FYRIR KÓRA OG SUMT SEM OPINBERAR ALLT AÐRA HLIÐ Á KÓRSÖNG EN FLESTIR HAFA KYNNST.**

**Sértök ósk**

Gesturinn Paul Phoenix byrjaði að syngja níu ára í kór Dómkirkju heilags Pauls í London og var síðan um áraraðir tenór í The King's Singers sem unnu til Grammy-verðlauna árið 2009 og 2011. Árið 2014 stofnaði hann Purple Vocals og vinnur nú með kórum og sönghópum víða um heim sem kennari, þjálfari, fyrirlesari og söngvari.

Spectrum hefur í tvígang sótt masterklass hjá Phoenix, en hann ferðast um þessar mundir um heiminn og tekur upp lög með uppáhaldskórunum sínum og syngur sóló með þeim. Spectrum er þar á meðal en um miðjan maí tekur





Paul Phoenix syngur með Spectrum en hann var í The King's Singers.

hann upp tvö lög með kórnum. Eitt þeirra er Heyr himnasmiður. „Það var sérstök ósk hans að fá að syngja það lag og hann syngur eitt erindi sem sóló á íslensku," segir Ingveldur. „Það lag auk annarra sem við tökum upp með honum verður að sjálfsögðu sungið á tónleikunum í Hafnarborg."

**Á leið til Dublin**

„Efnisskráin er fjölbreytt, þarna verður alls konar tónlist," segir Ingveldur Ýr. „Útsetningar á nokkrum lögum sem við syngjum eru upprunalega King's Singers útsetningar. Ég fór til Afríku í janúar og var þar í mánuð og tók með mér nokkur lög þaðan sem við syngjum á swahili. Svo syngjum við á gelísku lag eftir tónskáldið og kórstjórann Michael McGlynn. Hann kom til landsins síðastliðinn vetur og vann með okkur. Þannig skapaðist samstarf og vinátta og við förum til Dublin í haust að vinna með honum og hans fræga sönghópi Anúna.

Við erum hópur sem tekur ástfóstri við ákveðin tónskáld og útsetjara. Við flytjum ryþmíska nútímatónlist og klassíska samtímatónlist. Í dag er til fjölbreytt efni fyrir kóra og sumt sem opinberar allt aðra hlið á kórsöng en flestir hafa kynnst. Það eru komnar kórútsetningar á nánast öllum þekktum dægur-, djass- og rokklögum. Misgóðar auðvitað. Tónskáld samtímans þora að ganga langt í að semja framandi og ögrandi kórtónlist sem á sama tíma er samt áheyrileg og falleg."

# Arnaldur, Ragnar og Yrsa meðal hundrað bestu

Sunday Times valdi nýlega 100 bestu glæpa- og spennusögur sem komið hafa út frá stríðslokum. Íslendingar eiga þrjá fulltrúa á þessum lista sem nær allt frá Agöthu Christie og George Simenon til hinna snörpu norrænu glæpasagna og japanskra meistara. Á listanum eru Furðustrandir eftir Arnald Indriðason, Dimma eftir Ragnar Jónasson og Brakið eftir Yrsu Sigurðardóttur.

Furðustrandir er fjórtánda skáldsaga Arnaldar, þar er Erlendur á æskuslóðum sínum austanlands og fortíðin sækir á. Fyrir áratugum lenti hópur breskra hermanna í óveðri og villum í fjöllunum. Samtímis hvarf ung kona á sama stað og fannst aldrei og saga hennar vekur forvitni Erlendar. Í Dimmu rannsakar lögreglufulltrúinn Hulda lát ungrar konu, hælisleitanda frá Rússlandi. Í Brakinu siglir mannlaus snekkja inn í Reykjavíkurhöfn og Þóra Guðmundsdóttir lögmaður rannsakar hvaða óhugnanlegu atburðir áttu sér stað um borð.

Meðal annarra höfunda sem hljóta náð fyrir augum Sunday Times eru Raymond Chandler, Ian Fleming, P.D. James, John Grisham, Graham Greene, Umberto Eco og Gillian Flynn. Norrænir höfundar eiga alls átta bækur á listanum: Danir tvær, eftir þá Jussi Adler Olsen og Peter Höegh, Norðmenn eina eftir Jo Nesbö, Svíar tvær eftir Stieg Larsson og Henning Mankell, en Íslendingar eiga sem fyrr segir þrjár bækur á listanum, flestar Norðurlandaþjóðanna. – **kb**





Arnaldur, Ragnar og Yrsa komst á lista Sunday Times.







Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L






# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Útsvar 2014-2015, Fljótsdalshérað – Ölfus**
**14.05 92 á stöðinni**
**14.35 Maður er nefndur Ingileif Hallgrímsdóttir**
**14.55 Út og suður**
**15.20 Af fingrum fram Heiða** Þáttaröð frá 2003-2004 þar sem Jón Ólafsson ræðir við þekkta tónlistarmenn. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson.
**16.05 Hvað höfum við gert?**
**16.45 Silfrið**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Lalli**
**18.08 Minnsti maður í heimi**
**18.09 Símon**
**18.14 Refurinn Pablo**
**18.19 Klaufabárðarnir**
**18.28 Klingjur**
**18.39 Mói**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin** Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
**20.05 Njósnarar í náttúrunni** Dýralífsþættir frá BBC þar sem vélmennum í líki dýra er komið fyrir í dýraríkinu. Vélmennin eru búin upptökubúnaði sem gerir okkur kleift að komast nær dýrunum en nokkru sinni fyrr og öðlast dýpri skilning á flóknu tilfinningalífi þeirra.
**21.00 Svikamylla** Í þriðju þáttaröð þessara dönsku sakamálaþátta beinast sjónir frá hvítflibbaglæpum að heimi götuglæpa og eiturlyfjaviðskipta. Þættirnir fylgja tveimur sögupersónum úr fyrri þáttaröðunum, Nicky sem nú er orðinn einn af höfuðpaurum dönsku undirheimanna og Alf sem er í nýju starfi hjá lögreglunni. Aðalhlutverk: Esben Smed, Thomas Hwan og Maria Rich. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Rómantísku meistararnir. Tónlistarbylting 19. aldar** Bresk heimildarþáttaröð í þremur hlutum þar sem Suzy Klein skoðar þær breytingar sem áttu sér stað á sviði tónlistar á 19. öld og sýnir fram á hvernig tónlistin varð að byltingarkenndum krafti sem hafði áhrif á allan heiminn.
**23.20 Hyggjur og hugtök - Tilvistarstefna**
**23.30 Fjandans hommi** Gisle fær hnút í magann þegar kærastinn hans tekur í höndina á honum á almannafæri. Í þessari heimildarþáttaröð frá NRK fer hann um ókunnar slóðir í von um að fá svör við spurningum sínum. Hvers vegna er það ennþá erfitt að vera samkynhneigður í Noregi árið 2017? Og nær Gisle að komast yfir það að skammast sín fyrir að vera „öðruvísi“? e.
**23.55 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 British Masters**
**12.30 AT&T Byron Nelson**
**17.30 PGA Highlights**
**18.25 British Masters**
**22.55 PGA Highlights**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.45 Will and Grace**
**14.10 Crazy Ex-Girlfriend**
**14.55 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Rel**
**20.10 Top Chef**
**21.00 Hawaii Five-0**
**21.50 Blue Bloods**
**22.35 Shades of Blue**
**23.20 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 NCIS. New Orleans**
**02.20 FBI**
**03.05 Star**
**03.50 Heathers**
**04.35 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 FlugurIncredible String Band**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Til allra átta Hunang og blóð**
**15.00 Fréttir**
**15.03 „Ég er ekki skúrkur“ Eftirleikurinn**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Hátalarinn**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.40 Kvöldsagan. Húsið**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.50 Twister**
**13.40 Going in Style**
**15.15 Diary of A Wimpy Kid**
**16.50 Twister**
**18.45 Going in Style**
**20.25 Diary of A Wimpy Kid**
**22.00 How To Be a Latin Lover**
**23.55 Baby, Baby, Baby**
**01.25 Why Stop Now**
**02.55 How To Be a Latin Lover**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.50 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Goldbergs**
**10.00 Great News**
**10.25 Grand Desings. House of the Year**
**11.15 Landnemarnir**
**11.55 Lóa Pind. Viltu í alvöru deyja?**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The X Factor 2017**
**14.20 The X Factor 2017**
**15.35 Maður er manns gaman**
**16.05 The Big Bang Theory**
**16.30 Lóa Pind. Bara geðveik**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 The Mindy Project**
**19.50 God Friended Me**
**20.40 Næturgestir**
**21.05 Game of Thrones**
**22.30 Tin Star**
**23.15 60 Minutes**
**00.00 The Village**
**00.45 The Enemy Within**
**01.30 Chernobyl**
**02.20 Strike Back**
**03.10 Nashville**
**03.50 Nashville**
**04.35 Nashville**

## STÖÐ 3

**19.10 The Last Man on Earth**
**19.35 The Simpsons**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Who Do You Think You Are?**
**21.35 Claws**
**22.25 Legends of Tomorrow**
**23.10 Flash**
**23.55 Supernatural**
**00.40 The Last Man on Earth**
**01.05 Seinfeld**
**01.30 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Watford - West Ham**
**08.40 Crystal Palace - Bournemouth**
**10.20 Southampton - Huddersfield**
**12.00 Messan**
**13.00 Manchester United - Cardiff**
**14.40 Brighton - Manchester City**
**16.20 Liverpool - Wolves**
**18.00 Premier League Review**
**18.55 Inter - Chievo** Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
**21.00 Ítölsku mörkin**
**21.30 Spænsku mörkin**
**22.00 UFC 237. Namajunas vs. Andrade**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00 Fulham - Newcastle**
**08.40 Torino - Sassuolo**
**10.20 Roma - Juventus**
**12.00 Formúla 1. Spánn- Keppni**
**14.20 Atletico Madrid - Sevilla**
**16.00 Valencia - Deportivo**
**17.40 Real Sociedad - Real Madrid**
**19.20 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**19.45 KR - Fylkir** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**21.25 Pepsi Max Mörk karla**
**22.55 Stjarnan - HK**
**00.35 Messan**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# GULL & SILFUR!




## VERÐLAUNA-KRIMMI Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI!

**1.**
**Metsölulisti Eymundsson**

**Hefndarenglar**
**TILBOÐSVERÐ: 3.299.-**
Verð áður: 3.999.-

## ÓMISSANDI BÓK UM KULNUN FYRIR ALLAR KONUR!




**Bókin er gefin út í samvinnu við VIRK Starfsendur-hæfingarsjóð**

**2.**
**Metsölulisti Eymundsson**

**Þegar kona brotnar**
**TILBOÐSVERÐ: 3.299.-**
Verð áður: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er 16. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Hatrið sigraði á rauða dreglinum



Fötin sem Matthías klæddist eru frá Darren og sagði hann að Hatari reyndi eftir fremsta megni að vinna með íslenskum hönnuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/INGÓLFUR

Meðlimir **Hatara** voru stuttorðir þegar þeir gengu prúðbúnir í íslenskri hönnun eftir rauða dreglinum í Tel Avív í gær. Orðin vógu þó þungt. Allt samkvæmt áætlun.

SKRIFA FRÁ TEL AVIV
EUROVISION



Benedikt Bóas
benediktboas@frettabladid.is

Ingólfur Grétarsson
ingolfurg@frettabladid.is

Ef við erum ekki sameinuð og reynum ekki að koma á friði mun hatrið hafa betur," sagði Klemens Hannigan þegar hann var spurður hver boðskapur lagsins væri á rauða dreglinum í gær. Stundum er sagt að Íslendingar hafi slegið í gegn í þessu partíi eða hinu í Eurovision en miðað við áhugann á Hatara má með sanni segja að hljómsveitin hafi slegið í gegn.

Slegist var um viðtöl við kappana og stoppuðu þeir í örlitla stund hjá fulltrúum íslenskra miðla sem voru samankomnir í örlitlu plássi.



Matthías byrjaði að segja að allt gengi samkvæmt áætlun en eins og venjulega voru þeir ekki málglöðustu menn í heimi. „Við reynum að blanda ekki okkar persónulegu tilfinningum í málið en áætlunin gengur smurt."

Klemens bætti strax við: „Við fáum allt okkar sent frá Svikamyllu ehf. daglega og við fylgjum því af miklu stolti og hjarta."

> **ÞETTA ERU SPURNINGAR SEM VIÐ BJUGGUMST VIÐ UM OKKAR EIGIN LÍÐAN OG PERSÓNULEGA LÍF. VIÐ REYNUM AÐ SVARA SEM FÆSTU Á ÞEIM NÓTUM.**
>
> Matthías tryggvi Arason

Aðspurðir sögðust þeir félagar viðbúnir flestum spurningum frá fjölmiðlamönnum, sama frá hvaða landi þeir væru. „Þetta eru spurningar sem við bjuggumst við um okkar eigin líðan og persónulega líf. Við reynum að svara sem fæstu á þeim nótum. Þetta hefur verið viðburðasnauður fréttatími fyrir flesta fjölmiðlamenn, tel ég," sagði Matthías.

Á lokum sagðist hann vera alveg til í að sleppa því að vera bundinn þagnareiði þegar talið barst að Vesturbakkanum. „Við værum alveg til í að segja frá af frjálsum hug en getum það ekki vegna pólitískra aðstæðna."

Svo gengu þeir burt og héldu áfram út rauða dregilinn.

Íslensku listamennirnir voru þeir þrettándu út á dregilinn og sagði kynnirinn að börn og vegan fólk ættu kannski að líta undan í örlitla stund – því að Hatari væri hrifinn af leðri og BDSM, þegar hópurinn var kynntur til leiks.

Á undan Hatara komu Hvít-Rússar og Finnar meðal annars. Vöktu þeir litla kátínu og fengu söngvarar og dansarar þeirra að mestu frið fyrir fjölmiðlum.

benediktboas@frettabladid.is


Klemens benti á að þeir væru ekki vanir hitanum og því hefði hann rifið annan helminginn af. Hann væri því ber að hluta.



## Fréttablaðið fer með þig á Eurovision!

**Gleðipinnarnir Benni og Ingó (Bingó!) færa landsmönnum fréttir og skemmtilegar umfjallanir frá Eurovision í Tel Aviv í Fréttablaðinu, á frettabladid.is og á Instagram.**

**Fylgstu með á Instagram**

Hægt er að fylgjast með ævintýrum þeirra félaga í Tel Aviv á Instagram Fréttablaðsins.

**Auðtrúa aumingjar!**
Eurovision hlaðvarpið

Alvöru Eurovision hlaðvarp með Benna og Ingó, beint frá Tel Aviv! Fylgstu með á frettabladid.is/hladvarp sem og á öllum helstu streymisveitum.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

Ella's kitchen

100%
lífræn




Auðvelt að grípa í

Engin aukaefni

Gómsæt og ljúffeng



FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Guðmundar Brynjólfssonar



# Flugviskubit

Það má vera öllum ljóst hvaða fólk það er sem á að vera með stöðugt „flugviskubit“ eða þjakað af „flugskömm“ – það er skríllinn. Ég og þú.

Hin, þessi góðu sem í löngu máli og flúruðu segja okkur frá loftslagsvandanum, ætla sér ekki að fljúga neitt minna en þau hafa gert hingað til. Nei, þau ætla heldur að bæta í. Þannig flaug starfsfólk Umhverfisstofnunar helmingi fleiri ferðir til útlanda í fyrra en árið 2015. Sú sem stýrir því batteríi (gott orð batterí í þessu samhengi) segir að þau vilji endilega fljúga minna. En samt ætla starfsmenn hennar alls ekki að fljúga minna á þessu ári, heldur meira. Starfsmennirnir flugu 150 ferðir í fyrra. En ég má skammast mín. Ég flýg til útlanda tvisvar til þrisvar á ári hverju. Enda er ég skepna.

Ég er skepna og umhverfisóþverri líkt og NATO-flugvélarnar sem hér æfa í boði Vinstri grænna (alveg sérstaklega) og hinna orkupakkanna í ríkisstjórninni. Hér spúa NATO-flugvélar eldi og brennisteini en það talar ekki nokkur maður um hvað það sé á við margar ferðir til Tenerife. Það er bara talað um mengun Tenerifeferða þegar óbreytt alþýðufólk ætlar sér þangað í langþráð frí – það má skammast sín.

Og öfugmælavísnasmiðirnir sem öllu ráða sjá ofsjónum yfir því að fólk fer í helgarferðir til Dublin eða Hamborgar, við þessi venjulegu, en vilja um leið endilega fjölga ferðamönnum og „vinna markvisst að því“ – líklega eiga þeir ferðamenn að koma fótgangandi. Kannski eru bundnar vonir við að þeir geti síðar komið í gegnum sæstreng. En auðvitað bara með því skilyrði að Alþingi samþykki þá gjörð. En samþykktir Alþingis eru einhver mesta hindrun sem hægt er að hugsa sér.

Gott dæmi þar um eru smálánafyrirtækin.











Apple TV 4K á 0 kr. með ótakmörkuðum Ljósleiðara hjá Nova!



Þú þarft bara að segja já!

Segðu bless við myndlykilinn og lækkaðu reikninginn. Við mætum heim til þín og græjum netið frítt. Þú borgar 1.690 kr. á mán. fyrir Apple TV 4K og færð sömu upphæð í afslátt af ótakmörkuðum Ljósleiðara í 18 mánuði — þú borgar því í raun ekkert fyrir Apple TV 4K.

Mánaðarleg 1.690 kr. afborgun fyrir 32 GB Apple TV 4K í 18 mánuði, greidd með kreditkorti. Greiðsludreifingargjald 325 kr./mán. Ef þú staðgreiðir 29.990 kr. þarftu ekki kreditkort, en færð afsláttinn!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

NOVA